Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfabók bæjarfulltrúa 1856-1862

## Aðfnr. 193, 1. hluti

Bréfabók bæjarfulltrúa 1856

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Bréfabók bæjarfulltrúa
1856
:
1862

.077.2 - .075.1

193

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
193

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Brjefabók

# fulltrúa

# Reykjavíkur-

# bæjar.

1856 (17/1) 1862 (29/8)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1856.

1.

Hjermeð læt jeg yður vita, herra kanselíráð, 17. janúar
að á fundi þeim, er bæjarfulltrúar áttu
með sjer í gær, var jeg kosinn til oddvita Til bæjarfógetans.
þeirra þetta yfirstandandi ár og lögfræðingur
Jón Guðmundsson til vara-oddvita.

Fulltrúunum kom og saman um, að reglulega fundi skyldu þeir eiga með sjer annanhvorn laugardag, og skyldu þeir eiga fyrsta reglulega fund með sjer næsta ~~ann~~ ~~annan~~ laugardag, hinn 19. þ. m.; ~~og~~ skyldi því slegið upp og almenningi þannig birt, til þess að þeir gætu komið með kröfur ~~allar~~ sínar til bæjarsjóðs í tækan tíma, og afhent oddvitanum, svo að þeim reikningum yrði ávísað á fundum fulltrúanna.

Þarsem í 22. gr. tilsk. 27. d. nóvemb. 1846 er svo fyrirskipað, að fulltrúarnir skuli skiptast á, að líta eptir störfum þeim, sem unnin eru á kostnað bæjarins, kom fulltrúunum saman um, að haganlegast mundi, að sinn hefði hana hvorn mánuðinn, og tókst jeg hana á hendur þennan mánuðinn. ~~Mtr~~

2

Fulltrúar Reykjavíkurbæjar hafa ákveðið, 19. janúar
að þeir ~~framvegis~~ skyldu eiga næsta reglulegan Auglýsing.
fund með sjer laugardaginn 2. d. Febrúarmánaðar kl. 4. í þingstofu bæjarins (þ. a.) og úr því að öllu forfallalausu annanhvorn laugardag, um sama leyti og á sama stað; og til þess að allar ávísanir úr bæjarsjóð fari sem reglulegast fram, hefur þeim og komið saman um, að ávísa öllum kröfum til bæjarsjóðs á fundum sínum, og verða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1856.

þeir því framvegis ~~fullir þeir~~, er þykjast hafa einhverja fjár-
heimtu til bæjarsjóðs, að afhenda þess konar
kröfur sínar mjer, sem kosinn er oddviti
fulltrúanna þetta árið, eða að koma
með þær á fundi~~nn~~ fulltrúanna~~nna~~ að því
leyti þær eigi eru afhentar bæjarfógetanum.
Enn fremur gjörum það mönnum kunn-
ugt, að allar fjárkröfur til bæjarsjóðs
verða að afhendast fulltrúunum innan
mánaðar frá því, að skuldin fjell á.
MMtr

19. d. janúar.
Til bæjarfógetans

3.

Á fundi þeim, er ~~bæjar~~fulltrúar bæjarins áttu með
sjer í dag, kom þeim saman um, að nauð-
syn bæri til, að kaupa á kostnað bæjarsjóðs-
ins ýmsa muni, er fulltrúar eigi gæti án
verið, er þeir sætu á fundum í þingstofu
bæjarins, t.a.m. 2 kertastjaka, ljósaskæri,
blekbyttu og sandbyttu, gluggatjöld til
að hleypa upp og niður fyrir gluggana,
eldtöng og eldskúffu, og var Þorsteini
kaupmanni Jónssyni falið á hendur
að útvega þetta svo fljótt sem yrði,
í þeirri von, að þjer, herra kanselli-
ráð, sæjuð nauðsyn þessa og hefðuð
eigi neitt á móti kaupunum. MMtr

~~s.d.~~ s.d.
Til bæjarfógetans.

4.

Hjer með læt jeg yður vita, herra
kanselíráð, að í stað tómthúsmannafulltrúa
Skapta Skaptasonar, ~~og~~ er hætti störfum
sínum ~~sem bæjarfulltrúi~~ í bæjarstjórninni, á næstliðnu vori, og herra
jústizráðs Th. Jónassens, er ~~vjek úr t~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1856.

vjek úr bæjarstjórninni í byrjun þessa árs, hafa fulltrúarnir samkvæmt fyrirmælum tilsk. 27. nóvemberm. 1846, 18. gr. kosið úr sínum flokki landsyfir rjettardómara Jón Pjetursson og tómt-húsmannafulltrúa Jón Þórðarson, til þess að vera meðlimir byggingarnefndarinnar hjer í bænum.

5.

S. d. Til bæjarfógetans.

Þjer hafið í brjefi yðar dagsettu í dag beðið álits fulltrúanna um bónarbrjef verzlunarfulltrúa við verzlun kaupmanns S. Jakobsens hjer í bænum, M. J. Mathiesens, dags. 15. þ. m. þar sem hann skorast undan að borga bæjargjald það, er hann var jafnað 1855, sökum þess að hann sje búfastur í Hafnarfirði, og hafi þar konu sína og börn, og gjaldi þar til prests, kirkju og sveitar.

Um þetta efni er það sameiginlegt álit fulltrúanna, að velnefndur herra M. J. Matthiesen eigi verði undanþeginn, að borga nefnt bæjargjald; því að í fyrsta lagi hefur hann engin skýrteini komið með fyrir því, að hann gjaldi til Álptanesshrepps; en hvort sem væri, þá hefur hann stöðugt aðsetur hjer í bænum, og heimili hans er því hjer, enda þá fasta atvinnu, er bæði hann sjálfur og kona hans og börn lifir á, og virðist það eitt nóg ástæða til, að jafna á hann bæjargjöldum að tiltölu við aðra bæjarbúa. Enn fremur ber þess að geta, að þessi bón hans kemur allt um seinan, er niðurjöfnunin 1855 lá frammi um ákveðinn tíma, og honum gafst því fullt færi á að kvarta þá yfir þessu gjaldi,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er á hann var jafnað, og síðan eru liðnir ~~fullir~~ þrír fjórðungar árs, án þess hann reitt hafi yfir kvartað gjaldinu, og geta því fulltrúar alls enga ástæðu sjeð, til að losa velnefndan herra M. Mathiesen frá þessara 3 ríkisdala gjaldi.

Bónarbrjefið sendist yður hjer með aptur.

~~H. Fridriksson.~~ Jón Guðmundsson. Þ. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Pjetursson.

Nr. 6.

19. d. janúarm. Til bæjarfógetans.

Þjer hafið, herra kanselíráð, með brjefi yðar dagsettu 15. d. þessa mánaðar, sent fulltrúunum bónarbrjef frá kaupmönnunum E. Siemsen, Th. Johnsen og M. W. Bjering, þar sem þeir biðja um, að hinum nýja og gamla gildaskála, er þeir framvegis ætla að kalla „Skandinavien", mætti veitast rjettur til veitinga, og til að taka á móti mönnum til gistingar, og að öðrum eigi væri veittur rjettur til þessa, svo lengi bæjarstjórnin og yfirvaldið áliti ~~gil~~ nefndan gildaskála nægja þörfum bæjarins, og hafi þjer í áður nefndu brjefi yðar beiðst álits fulltrúanna um þetta málefni.

Eptir að allir fulltrúarnir hafa vandlega íhugað þetta mál og rætt það á fundi, ~~var~~ er það sameiginlegt álit þeirra, að eptir því sem nú stæði á hjer í bænum, þar sem ekkert annað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veitingahús er hjer, er geti fullnægt þörfum bæjarins, hvorki að veitingum, og því síður sem gestaherbergi; því að, eins og kunnugt er, er enginn sá staður, er aðkomumenn geti fengið náttstað vísan gegn sanngjarnri borgun, og verða því að leita til bæjarbúa, þar sem bezt gengur, vilji þeir fá húsaskjól, þá sje ~~væri~~ ~~það~~ sönn þörf á, að veita gildaskálanum stöðugan rjett til veitinga og til að taka á móti gestum, og því heldur eigi ~~ekki~~ að veita gildaskálanum rjett þennan, sem þar er ~~væri~~ húsrúm ~~nóg~~ allmikið, og hann því lagaður ~~til~~, með haganlegu fyrirkomulagi, til móttöku gesta, og þeirra eigi allfárra, enda virðist fulltrúunum, að það hafi vakað fyrir stiptamtmanni ~~inu~~, ~~að rjettarinn~~ ~~væri~~ ~~stöð~~ í brjefi hans, dags. 19. janúar 1850, að sá rjettur, sem þá var veittur gildaskálanum skyldi verða stöðugur, þar sem öðrum hefur verið veittur rjettur til veitinga að eins fyrstum sinn, t. a. m. A. Thomsen samkvæmt ~~í~~ brjefi stiptamtmanns 26. janúar 1850.

Fulltrúarnir flestir þykjast og sjá fram á það, að beiðendur eigi mundu geta sett gildaskálann í það lag, að hann gæti fullnægt öllum þörfum manna, eða staðið í fullum skilum, nema með ærnum kostnaði, og það þeim kostnaði, er þeir eigi ~~fengju eða~~ gætu fengið endurborgaðan, ef aðrir fengju leyfi til veitinga eða kepptu við þá, og því mundu beiðendur varla ráðast í allan þann kostnað, er leiddi af fyrirtæki þeirra, ef það skyldi framkvæmast, svo vel væri, nema

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að eins, að þeir eða eigendur gildaskálans væru einir um veitingarnar, með því mannfjöldinn er eigi svo mikill hjer í bænum, nje heldur aðsóknin, að fleiri en einn geti haft nokkurn veginn næga atvinnu af veitingum, og geta því fulltrúarnir eigi annað en lýst því yfir, að þeim virðist það æskilegt fyrir bæinn sjálfan, að aðrir eigi fengju leyfi hvorki til veitinga eða til að taka á móti ~~gestum~~ mönnum til gistingar, svo lengi gildaskálinn stendur í fullum skilum og fullnægir þörfum manna, og enda þykir þeim það nauðsynlegt, ef gildaskálinn á að geta komist í það lag, að hann fullnægi þörfum bæjarins. Þeim þykir það og sjálfsagt, að stiptamtmaður eigi muni veita neinum öðrum rjett til veitinga eða til að taka á móti gestum, nema því að eins, að fulltrúunum áður gefist kostur á að lýsa yfir áliti sínu, ~~og þykjast~~ telja þeir það og ~~og ganga að því~~ víst, að stiptamtmaður eigi muni ~~veita~~ gjöra það, þvert á móti áliti þeirra, ~~þar sem~~

Skjöl þau er með brjefi yðar fylgdu, sendast yður hjer með aptur.

~~[illegible]~~r. J. Guðmundsson. Þ. Jónsson. J. Þórðarson. ~~[illegible]~~ J. Pjetursson.

**7.**

2. Febrúar til bæjargjaldkera C. Robbs.

Í 22. gr. tilskipunar 27. d. nóvembermánaðar 1846 er ~~þ~~ svo fyrirmælt, að fulltrúar bæjarins skuli að ~~minnsta~~ kosti eitt sinn á hverjum þrem mánuðum heimta nákvæma sjóðskýrslu af gjaldkera, og verð jeg fyrir hönd full-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 1856. | Mánaðardagur

fulltrúanna að biðja yður framvegis að gæta þeirrar skyldu yðar, og senda mjer þessa skýrslu á hverju hálfu misseri, og þá fyrst í lok næsta marzmánaðar.

[illegible]tr.

8\. | 4. d. febrúarmán. Til bæjarfógeta.

Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð, að umsjón þá, sem gjörð er ráð fyrir í 22. gr. tilsk. 27. nóvemberm. 1846, að fulltrúar hafi með störfum þeim, sem unnin eru á kostnað bæjarins, hefur tómthúsmaður ~~a~~ fulltrúi Jón Þórðarson tekist á hendur þennan mánuðinn.

[illegible]tr.

9\. | s. d. til bæjarfógeta.

Á fundi þeim, sem bæjarfulltrúarnir áttu með sjer hinn 2. dag þ. m. kom þeim saman um, að nauðsynlegt væri, að þeir fengju ~~fá~~ til yfirlesturs skjöl þau og brjef, er rituð hafa verið um stofnun barnaskóla hjer í bænum, áður en þeir kvæðu upp álit sitt um það mál, eins og ~~sem~~ þjer hafið skorað á þá um í brjefi yðar, dags. 15. janúar þ. á., og verð jeg því fyrir hönd fulltrúanna að biðja yður að umgangast það, að þeir fái þessi umgetnu skjöl.

[illegible]tr.

10\. | s. d. til bæjarfógetans.

Á fundi þeim, sem fulltrúarnir áttu með sjer hinn 2. d. þ. m. kom þeim saman um, að gjöra þá ákvörðun frá sinni hálfu, að allir reikningar og skuldaheimtur til bæjarsjóðs ættu að vera komnir til bæjarstjórnarinnar innan mánaðar frá því skuldin áfellis, [að svo miklu leyti, þeir yrði við komið, og að þeir annars eigi myndu ávísa fjenu;] ~~og~~ með því það getur valdið tölverðri óreglu, er skuldakröfur koma ~~svo~~ á stundum hálfu ári eða jafnvel meira eptir að ~~verkið~~ skuldin er áfallin, og menn því á stundum geta verið búnir að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856. |
|---|---|
| | gleyma ýmsum hinum smærri atvikum við verkið, eða hvað annað, er reikningurinn hljóðar og því eigi sagt fyrir víst, hvort ~~reikningarnir~~ segi að öllu rjettir upp á;) |
| ¼ þessir | Vonast þeir, að þjer sjáið nauðsyn þessar- ar ákvörðunar, og samþykkið hana, og gjörið hana almenningi kunna. |
| | Hth. |
| | 11. |
| 4. d. februarm. Til bæjarfógetans. | Þjer hafið með brjefi yðar, dagsettu 13. d. f. m. sent fulltrúunum eptirrit af brjefi löggæsluráðgjafans, dag- sett 8. júní f. á., ásamt með eptirriti brjefs yðar til stiptamtmannsins yfir Íslandi dags. 8. ágúst 1854. 1º um að fjölga lögreglusþjónunum hjer í bænum um einn, auk þeirra tveggja, sem hingað til hafa verið, og 2º um að koma hjer á föt bæjarliði (Borgervæbning), samkvæmt reglugjörð 4. júní 1802 fyrir Danmörku, með þeim breytingum, er hjer þættu við eiga, og hafið þjer í brjefi yðar beiðzt álits bæjarfulltrúanna um þetta málefni. |
| | Eptir að fulltrúarnir höfðu vandlega íhugað málið þetta, og rætt það á fundi, varð það sameiginlegt álit þeirra, um hið fyrra atriðið, að enda þótt þeir játi, að um þann tíma sum- arsins, sem mest sje mannkoma hjer í bænum, bæði af útlendum og innlendum, muni lögreglan, sú, sem hefur verið, reynast ónóg hjer eptir, þá sjá þeir þó eigi neina þá nauðsyn til fjölgunar stöðugra lögreglusþjóna hjer í bænum, eða neina þá bót við hana, að þeir geti fallizt á, að sá kostnað- ur, sem fjölguninni yrði að verða samfara, ~~yrði~~ verði lagður á bæinn, þar sem svo margs annars þarf við, til þess, að koma bænum upp, og ~~það~~ svo margt hvað er með öllu óum- flýjanlegt, og sem þó heimtir mikinn |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kostnað, en gjöldin þykja þegar ærin á bæjarbúum.
og það því síður geta fulltrúarnir samþykkt fjölgunina á kostnað bæjarsjóðsins, sem þeir verða að játa, að einn næturvörður sje í rauninni ónægur, eptir því, hvað bærinn er nú orðinn víðáttumikill, en óreglu eins getur að borið um nætur og um daga eða jafnvel öllu fremur, en þá ~~eje~~ er þó miklu óhægra, að fá menn til hjálpar til að afstýra óreglunni, ef hún fyrir fellur, og þeir þykjast jafnvel ganga að því vísu, að eigi muni líða á löngu, ef ráða skal nokkuð af því, hvað bærinn hefur stækkað hin síðari árin, að brýna nauðsyn beri til, að setja annan næturvörð, auk þess eina, sem nú er, og laun hans muni bærinn sjálfsagt verða að borga:

Um hið annað atriðið, hvort koma skuli á fót bæjarliði hjer í bænum, samkvæmt reglugj. 4. júní 1802, með þeim breytingum, sem hjer ættu við, þykjast fulltrúarnir eigi geta sagt neitt víst að sinni, með því engar uppástungur eru fyrir þá lagðar, hvernig eða hverjar þessar breytingar ættu að vera, enda hefur fulltrúunum eigi verið send hin nefnda reglugjörð; en þó virðist þeim, að slíkt fyrirtæki mætti verða að miklu gagni, ef því yrði haganlega fyrir komið, og samkvæmt þörfum og ástæðum bæjarins, og, ef til vill, jafnvel nauðsynlegt, er tímar líða fram; verða þeir því að bíða þess, að fyrir þá verði lögð til íhugunar nefnd reglugjörð með tilætluðum breytingum, og munu þeir þá svo fljótt, sem orðið getur, skýra yður frá áliti sínu um málið. En með því þetta fyrirtæki mundi verða að eiga sjer nokkurn aldur, áður en það kæmist á, en það þó á hinn bóginn ræður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að líkindum, að af hinni frjálsu verzlun leiði það, að meiri lögreglu þurfi við svo sem um tvo mánuði á sumrum, en hingað til hefur verið, þá virðist fulltrúunum, að þörf ~~muni~~ verði á, að taka svo sem 2 menn að auki, lögregluþjónunum til aðstoðar, um þann tíma ársins, þegar mest er aðsókn að bænum; en kostnaður sá, er af því leiðir, vona fulltrúarnir að verði samkvæmt uppástungu alþingis í sumar greiddur úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

H. Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson. Ó. Jónsson. J. Þórðarson J. Pjetursson.

---

16. d. febrúarm.
Til bæjarfógetans.

12.

Hjer með sendi jeg yður reikning frá Egli bókbindara Jónssyni, sem fulltrúarnir þegar hafa ávísað af sinni hálfu, og get jeg þess um leið, að protokollinn tók jeg til brjefabókar handa fulltrúunum, með því engin slík bók var áður til; pappírinn hef jeg sömuleiðis tekið til brjefaskripta í bæjarins þarfir.

H. Kr.

---

s. d.
Til bæjarfógeta.

13.

Með því fulltrúunum kom saman um á fundi sínum í dag, að byrja niðurjöfnunina fyrir þetta árið næsta fimmtudag hinn 21. þ. m. verð jeg að biðja yður, herra kansellíráð, sem allrafyrst, að gefa oss nákvæma skýrslu yfir hvaða hús hafa verið byggð ný þetta árið, hjer í bænum, og hversu ~~mikit~~ stór grundvöllur þeirra er, sömuleiðis hvaða hús hafa verið aukin, og hversu mikið hvert um sig. Ennfremur verð jeg að biðja um lista yfir þá, er fengið hafa leyfi til að setjast hjer að í bænum, og hverjir hafa fengið leyfi til að vera lausamenn eða sjálfra sín. Loksins verð jeg að biðja yður um tíundalistann hjer í bænum þetta árið, auk annara upplýsinga, ef nokkrar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1856. | Mánaðardagur.

á að ~~[illegible]~~halda við eða niðurjöfnun. ~~[illegible]~~

14. | 3. marz Til bæjarfógeta.

Hjer með sendi jeg yður niðurjöfnun á útgjöldum Reykjavíkurbæjar á bæjarbúa þetta yfirstandandi ár til frekari ráðstöfunar. Hjer fylgir og með "Skýrslur um búnaðarástand í Reykjavíkur-Kaupstaðar umdæmi í fardögum 1855", sem þjer senduð fulltrúunum til hliðsjónar. ~~[illegible]~~

15. | 4. d. marz. Til bæjarfógetans:

Með brjefi yðar dagsettu 8. d. febrúarm. þ. á, senduð þjer fulltrúunum brjef frá ekkju Vilborgu Jónsdóttur, dags. 29. januar þ. á, í hverju hún beiðist endurgjalds fyrir lóð þá, sem frá henni hafi ~~[illegible]~~ verið tekin 1854 til vegar þess, er á lóð hennar var grafið fyrir ~~[illegible]~~, og fyrir jarðrask það og skemmdir, er þá hafi verið gjörðar á lóð hennar, og ~~[illegible]~~ gjörir hún í brjefi sínu kröfu til bæjarsjóðs upp á 12 rdd. fyrir þetta. Á fundi þeim, sem ~~við~~ vjer undirskrifaðir fulltrúar áttum með oss hinn 1. þessa mánaðar kom oss saman um að ávísa henni úr bæjarsjóði 6 rdd. fyrir þessar skemmdir á lóð hennar, og virðist oss það í alla staði nægt borgun, ~~[illegible]~~ fyrir þann lóð, sem til vegarins fór, og jarðrask það, er vjer gátum fengið upplýsingar um, að gjört hefði verið. Ávísunin fylgir hjer með.

~~[illegible]~~ Friðriksson. J. Pjetursson. J. Þórðarson

16. | 4. d. marzm. Til bæjarfógeta.

22. d. febrúarmánaðar þ. á. senduð þjer, herra Kanselíráð, oss reikning frá hreppstjóra St. Ólafssyni á Hvammkoti upp á 6 rdd., sem hann hlutann, er Reykjavíkurbæ bæri að borga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðard. | 1856 |
|---|---|
| | fyrir vegaruðningar er gjörðar voru á afrjetti Mosfellssveitar Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur, 28. maí 1855. ~~Eftir málinu~~ Oss undirskrifuðum fulltrúum Reykjavíkurbæjar kom saman um, á fundi vorum hinn 1. d. þ. m. að ávísa úr bæjarsjóði 4 rdd. 48 sk., sem það sem Reykjavíkurbæ gjörðist að borga fyrir vegabætur þessar, því að vjer vitum eigi betur, en að Mosfellssveit og Seltjarnarneshreppi bæri að annast vegaruðningar þessar, hvor sveitin fyrir sig að helmingi, fyrir 1847, en þá var Reykjavík partur af Seltjarnarneshrepp, og eptir því getur Reykjavík eigi borið að borga meir en fjórðunginn af vegaruðningunum, enda þótt hún sje nú greind frá Seltjarnarneshrepp, og sveitirnar [illegible], með því oss er eigi kunnugt um, að nein skylda hafi verið lögð á Reykjavík síðan að annast meir en fjórðung vegabótanna, ~~eða Mosfellssveit~~ Reikningurinn þannig áritaður fylgir hjer með. |
| | MFriðriksson. J. Pjetursson J. Þórðarson |
| | 17. |
| 4. marz<br>Til bæjarfógetans | ~~Jeg~~ Með þessu mínu brjefi læt jeg yður vita, herra kanselíráð, að landsyfirrjettardómari herra Jón Pjetursson hefur tekist á hendur um þennan mánuðinn, umsjónina með verkum þeim, sem kunna að verða gjörð~~ar~~ á kostnað bæjarsjóðsins, af hálfu fulltrúanna. |
| | MFr. |
| | 18. |
| 15. marz.<br>Til bæjarfóg. | Tómthúsmannafulltrúinn hjer í bænum, Jón Þórðarson hefur ritað mjer brjef, dagsett 17. febrúar þ. á., ~~út í hlutfalli af~~ ~~með~~ út úr skjölum þeim, sem ~~hafa~~ fulltrúarnir hafa fengið viðvíkjandi stofnun barnaskóla hjer í bænum, og hljóðar brjefið þannig: |
| | Jafnframt ~~og~~ og jeg tilkynni yður þetta brjef verð jeg fyrir hönd fulltrúanna að skora á yður um, að sjá svo til, að málefn- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þau, sem fulltrúunum eru send til íhugunar, verði á íslenzku, að svo miklu orðið getur og í yðar valdi stendur. Mkt.

## 19.

15. d. marzm. – Til bæjarfógetans.

Eins og yður er kunnugt, herra kansellíráð, var bæjarsjóðurinn kominn í skuld til gjaldkera þegar um nýár; síðan hafa ýms útgjöld á hann fallið, en á hinn bóginn ekkert í hann komið, svo að nú hljóta skuldir hans að vera orðnar æði-miklar, enda höfum vjer heyrt, að gjaldkeri hafi neitað að borga ávísanir til bæjarsjóðsins, og með því vjer eigi getum búist við, að nokkuð komi inn í bæjarsjóðinn, allrasíst svo nokkru nemi, fyr en í júnímánuði, þá verðum vjer að skora á yður um, að útvega bænum nú þegar 300 rdd. að láni um 3 eða 4 mánuði með sem haganlegustum skildaga; því að bæði er það ósanngjarnt, að þeir, sem fjárheimtu hafa til bæjarsjóðs, skuli bíða eptir fje sínu, þangað til í júnímánuði, enda getur þeim orðið það bagalegt. Það er og það, að eigi er að hugsa til, að fá neinar vegabætur gjörðar í vor, nema því að eins, að fje sje tekið að láni; en vjer þykjumst vera komnir að fullri raun um, að vegabætur þær, sem gjörðar eru síðari hluta sumarsins, ~~og~~ eða enda þegar fram á haust er komið, eins og að undanförnu hefur átt sjer stað hjer í bænum, verði bæjarsjóðnum eigi að eins margfalt kostnaðarsamari í hvert skipti, heldur en ef þær væru gjörðar á vorin, heldur og miklu svikulli og óáreiðanlegri.

HKrFriðriksson. J. Guðmundsson. Thjohnsen. J. Þórðarson. Jón Pjetursson.

## 20.

5. d. – Til bæjarfógeta.

Í brjefi yðar, dagsettu ~~8.~~ 20. dag febrúarmánaðar þ. á., hafið þjer beðið um álit fulltrúanna um brjef, sem með yðar brjefi fylgdi, frá skólakennara H. Kr. Friðrikssyni, dags. 2. febrúarm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur.

þá þess æskt, að þjer sjáið svo um, að hvorki gæsir
nje svín, eða aðrar skepnur, er skemmdum geta
valdið, gangi sjálfala og umhirðingarlausar um
bæinn.

Vjer höfum íhugað þetta mál og rætt
það á fundi með oss, og virðist oss, að þetta
mál í raun rjettri heyri næst undir aðgjörðir
lögreglustjórnarinnar. Vjer játum það, að
það veldur tölu verðri óreglu, að skepnur gangi
lausar og umhirðingarlausar hjer í bænum,
og vonumst eptir, að þjer sjáið um, að einkum
þau dýr, er skemmdum geta valdið, t. a. m. á
túnum og í görðum manna, gangi sem
minnst að orðið getur ~~gangi~~ laus um
bæinn, og þjer jafnframt birtið það fyrir
almenningi, að eigendur þeirra dýra meg[i]
búast við, að þau verði tekin, undir eins
og þau skemmi eitthvað, og þeir borga
skemmdirnar og kaupa dýrin út.
~~Brjefið fylgir hjer með aptur~~

~~MFriðriksson~~. Jón Guðmundsson. ThJohnsen. J. Þórðarson
Jón Pjetursson

## 21.

29. d. marzm.
Til bæjarfógetans.

Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð, að
kaupmaður Th. Johnsen hefur af fulltrúanna
hálfu tekizt á hendur umsjónina með verkum
þeim, sem kunna að verða gjörð á kostnað bæjar-
sjóðsins í aprílmánuði næstkomandi.

~~MFr.~~

~~29. d. marzm.~~
~~Til bæjarfóg.~~

~~Kaupmaður konsúl M. W. Biering hefur í brjefi
sínu til fulltrúanna dags. 28. d. þessa mánaðar
farið þess á leit við bæjarstjórnina~~

## Nr. 22.

29. d. marzm.
Til bæjarfógetans.

Herra konsúl M. W. Biering hjer í bænum
hefur ritað fulltrúunum brjef dags. 28. d. þ. m., ~~so~~
~~látandi: (hjer brjefið)~~. sem hjer með fylgir.

Á fundi þeim, sem fulltrúarnir áttu með sjer
dag, ~~að~~ var það álitið meira hlutans, að 24 rbk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri allt of lítil borgun fyrir hvern vagn um daginn, en þeim fannst þó sanngjarnt, að ~~setja það nokkuð niður~~ fá honum vagnana gegn lægri borgun, en venjulega hefur við gengizt, með því að flutningur á ösku og áburði eptir góðum vegi eigi gæti valdið eins miklum slitum á vögnunum og grjótflutningur, og auk þess væri það og takandi til greina að notkunin væri um lengri tíma, ~~og væri~~ og því munur á, heldur en ef vagnarnir væru leigðir einstaka daga; þótti þeim því sanngirni mæla ~~fyrir~~ fram með, að leigan væri fyrir velnefndan kaupmann M. W. Biering ákveðin 32 sk. fyrir hvern þann virkan dag, er vagnarnir væru í hans vörzlum, meðan á þessum flutningi hans á áburði stæði. En það þótti þeim svo sem sjálfsagt, að hann skilaði vögnunum aptur í eigi lakara standi en þeir eru, er hann tekur við þeim, og sjeu nokkur spjöll á þeim, þegar hann skilar þeim, sem komið hafi í hans vörzlum, þá borgi hann þau að fullu. Að öðru leyti þótti fulltrúunum það takandi fram í skilmálunum svo sem sjálfsagt, að undir eins og bærinn þyrfti á vögnunum að halda í sínar þarfir, þá yrði hann, að ~~verða~~ láta þá af hendi, en gæti þá fengið þá aptur, þegar bærinn væri búinn að ~~ta~~ nota þá.

Þetta látum vjer yður hjer með vita til frekari ráðstöfunar.

Hltr.; J.G.; Þ.J.; J.Þ.; J.P.

## Nr. 23

29. d. marzm.
Til bæjarfógeta.

Í júlímánuði 1854 ~~fóru~~ ~~þeir~~ báðu fulltrúar Reykjavíkurbæjar yður, herra kanselíráð, að fara því á flot við þá herra kaupmann H. St. Johnsen og Egil bókbindara Jónsson, að steinsetja rennu þá, er þeir höfðu grafið með fram kirkjugarðsveginum að austan,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856. |
|---|---|
| | án þess þeir hefðu haft nokkurt leyfi til þess, ~~frá~~ að svo miklu leyti, sem fulltrúunum er kunnugt. En hingað til hefur alls ekkert við rennuna verið gjört, og af því hefur leitt, að vegurinn er víða farinn að skemmast, og mun skemmast meira, ef ekkert er við gjört. Vjer verðum því enn að nýju að skora á yður, herra Kanselíráð, að ~~velnefndir menn~~ þjer sjáið til, að velnefndir menn gjöri sem allra ~~bráðast~~ fyrst við rennuna svo, að stígurinn engar skemmdir af henni bíði, eða að hún eigi geti valdið öðrum skemmdum, og bæti þær skemmdirnar sem þegar eru orðnar á veginum. |
| | Eins og yður er kunnugt, hafa þeir og hlaðið torfgarð með fram öllum stígnum, til að verja brekkuna með fram ~~brekkunni~~ tjörninni, er þeir hafa fengið á leigu af bænum um nokkur ár, fyrir ágangi af skepnum, og hafa þeir stungið úr brekkunni torf í garðinn, svo að nú eru þar stór flög eptir. Það er nú svo sem sjálfsagt, að bærinn muni eigi geta skipt sjer af meðferðinni á túninu, fyr en leigutíminn er ~~liðinn~~ úti, en þó viljum vjer biðja yður, herra Kanselíráð, að gjöra þá vara við, að þeir verði að gjöra við þessi flög áður en þeir skila túninu, eða ~~bæta~~ greiða ofanalag á það, þegar þeir skila því. |
| | ~~Hth.~~ J. G. H. J. J. P. J. P. |
| | **Nr. 24.** |
| 7. d. aprílmán.<br>Til bæjarfógetans. | Með því að oss, eins og vjer áður höfum látið í ljósi við yður, þykir það svo sem sjálfsagt, að vegabætur þær allar ~~er~~ bæjarsjóðurinn á að kosta, eigi að gjörast á vorin í maímánuði og júnímánuði, bæði sökum þess, að þá er hægra að fá fólk til þess, og þær verði því kostnaðarminni, en síðari hluta sumars |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðarslagr.

ins, eða jafnvel undir haust, og jafnframt vegna þess, að
vegabætur þær, sem gjörðar eru á vorin, eru miklu
varanlegri, en þær sem gjörðar eru á haustin,
og enn fremur ~~vikum~~ vegna þess, að vegabæturnar
ættu að vera gjörðar áður en lestir koma, þá
skorum vjer á yður, herra kanselíráð, að sjá um,
að fá þessar vegabætur boðnar upp á undir
boðsþingi, og leyfum vjer oss, að skýra yður frá,
að ~~mein vjer~~ oss virðist hentast, að bjóða
þær upp nokkrum dögum fyrir vertíðarlok, eða
fyrri hluta maímánaðar, en að það sje birt
almenningi fremur vikum áður, hve nær ~~upp~~ undirboðs-
þingið verði haldið, og verðum vjer þá jafn-
framt að skora á yður um, að almenningur
fái kost á, að sjá skilmálana fyrir viðgjörðinni
frá því að undirboðsþingið er auglýst, annað
hvort í skrifstofu yðar, eða í bæjarþingstof-
unni, og það sje birt jafnframt undirboðshaldinu,
að þeir sjeu til sýnis og hvar. Oss virðist rjett-
ast, að skipta vegabótunum í fernt, 1. að-
gjörðina á veginum upp frá læknum, og
austur að ~~því~~, er Laugarnesvegurinn mæt-
ist og aðalvegurinn; 2. aðgjörðina á brúnni
hjerna megin við Öskjuhlíð; 3. aðgjörðina
á brúnni niður af Öskjuhlíð niður að Foss-
vogi, og 4. ruðning á veginum frá Laugarnes-
veginum og austur að Fossvogsbrúnni, og leyf-
um oss að senda yður uppástungur vorar
til skilmálanna.

Yður er og kunnugt, að í vetur var
talað um, út úr brjefi þeirra Jóns Þórðarson-
ar og Jóhannesar Zoëga, að leggja ~~skyldi~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856 |
|---|---|

nýja götu upp að Hákoti, vestan til í bænum, en með því fulltrúarnir eigi hafa fengið enn álit byggingarnefndarinnar um þetta efni, verð um vjer að biðja yður, sem allrafyrst að fá álit byggingarnefndarinnar um, hvernig götuna skuli leggja og senda oss síðan, svo að vjer getum gjört ráðstafanir þær, er þurfa þykir í þessu efni, til þess að tekið verði til starfa með götu þessa, sem fyrst að orðið getur.

Hins sama verðum vjer og að biðast, að því er merkir götuna austan fram með gildaskálanum, milli hans og Zoëgas-húss, er brýna nauðsyn ber til að lagfæra, ef hún á að verða mönnum geng, er blautt er um.

~~Mr.~~ J. Guðm. Þ. Johnsen. Jón Þórðarson. J. Pjetursson.

## Ad Nr. 24.

### 1. Skilmálar

fyrir aðgjörð á veginum frá læknum í Reykjavík, austur að vegamótum við Laugarnessveginn.

1. gr.
Ofan í veginn allan ber að flytja nægilega þykkt lag, svo að út af halli á báðar hliðar; skal ofaníburður þessi vera frá læknum og austur fyrir þverrennu þá, er liggur gegnum veginn á austurparti hans, ~~vera~~ af sjávarmöl, en frá nefndri þverrennu og austur að vegamótum má hann vera af góðu malarkenndu efni úr holtinu þar hjá, ef fengist getur.

2. gr.
Verkinu skal öllu lokið fyrir jónsmessu nú í sumar, finnist þá gallar á verkinu, ber að bæta þá eptir óvilhallra manna mati, og dregst það frá verkalaunum. þó má sá, sem verkið hefir ~~tekið~~ tekið að sjer, sjálfur bæta galla þessa, ef hann vill, og skal hann þá verða búinn að því innan 8 daga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. gr.

Þegar verkið er hálfnað, getur sá, sem verkið vinnur, fengið helming verkalauna, en hinn helmingur greiðist honum, þegar verkinu er lokið og búið er að gjöra við galla þá, er á því kunna að finnast.

4. gr.

Samþykki lægsta boðs er komið undir bæjarstjórninni, og skal sá, er boðið hefur gjört, fá að vita annaðhvort innan sólarhrings.

## 2. Skilmálar

fyrir aðgjörð á brúnni hjerna megin við Öskjuhlíð.

1. gr.

Ofan í alla brúna ber að flytja nægilega þykkt lag af góðu malarkenndu efni, svo vel halli út af hvervetna á báðar hliðar.

2. 3. og 4. gr. sem áður.

## 3. Skilmálar

fyrir aðgjörð á Fossvogsbrúnni.

1. gr.

Við brú þessa ber að gjöra hvervetna, þar sem hleðslan í hliðunum er farin að bila, og bera ~~ofan í brúna~~ gott malarkennt efni ofan í allar lautir, svo að brúin alstaðar verði nægilega ávöl, og ræsa fram hvervetna, þar sem þess þarf við, beggja vegna með fram brúnni.

2. 3. og 4. gr. sem áður.

## 4. Skilmálar

fyrir vegaruðning frá vegamótum við Laugarnesgötu, og ~~[illegible]~~ austur að Fossvogsbrúnni

1. gr.

Vegurinn ryðjist alltur ~~svo~~ vel, að allir lausir steinar sjeu teknir úr götunni, og þeim fleygt nægilega langt burtu, nema möl ein, og grafin ræsi út úr veginum alstaðar þar sem þess þarf við og unnt er, svo vatn eigi nái að staðnæmast í götunni

2. 3. og 4. gr. sem áður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856. |
|---|---|
| 12. d. april. Til bæjarfóg. | Nr. 25. |

Í brjefi yðar dagsettu í dag, hafið þjer, herra kanselíráð, beiðzt álits fulltrúanna um það, hvort eigi mundi rjettast, að halda leigu-uppboð á kálgarðsparti þeim, sem bærinn á, af fyrverandi lóð prentsmiðjunnar, og hvort heldur leigutíminn ætti að vera frá 1. d. maím. þ. á. til 30. d. aprílm. næsta ár, eða til 31. d. marzm. Ennfremur getið þjer ~~Vjer ræddu~~ þess, að kálgarðs parturinn þessi sje ætlaður til götu síðar meir, ~~og~~ er leggja ætti suður í gegnum kirkjugarðinn gamla, og yður þyki ástæða til að fara að undirbúa þá götu, með því að fyrirskipa, að sljetta leiðin, og taka burtu legsteina.

Vjer ræddum mál þetta ~~mál~~ á fundi þeim, er vjer áttum með oss í dag, og vorum vjer allir samdóma yður í því, að sjálfsagt væri, að bjóða upp ~~til leigu~~ hinn umrædda kálgarðs-part til leigu næsta ár, og virðist oss leigutíminn rjettast ákveðinn frá 1. d. maím. þ. á. til 31. d. marzmánaðar 1857, svo að tími væri til eptir það að leigutíminn væri á enda, ~~og~~ að bjóða hann upp til leigu næsta ár, og fyrir þann, sem leigði, að hlynna að honum, og bera í hann áburð, ef honum þætti þurfa, áður en sá tími kæmi, er vant er að sá í garða. Enn fremur virðist oss rjettast, að sje sett í skilmálana fyrir leigunni, að leiguna eigi að borga innan ~~[illegible]~~ 1. d. januarm. 1857, svo að hún geti komizt í þessa árs reikning.

~~Að~~ Að fara að hugsa um götu þá, er ætlað er að lögð verði suður í gegnum kirkjugarðinn gamla finnst oss eigi tími til kominn enn,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda eru nú öll leidi þau sljettud, sem engar grindur
eru um, en legsteinar þeir, sem þar eru, virdast
oss vel mega liggja þar fyrstum sinn, ef ~~[illegible]~~
ættingjar þeirra, er þar hvíla undir, eigi æskja
ad flytja þá burtu.

Th. Fridriksson. J. Gudmundsson. Þ. Jónsson. J. Þórdarson. J. Pjetursson.

## Nr. 26

~~12~~ 12. d. aprílm. Til bæjarfógeta

Í brjefi ydar dagsettu 27. d. marzmánadar þ. á.,
hafid þjer, herra kanselíráð, æskt álits vorsbæjar-
fulltrúanna um ~~þ~~ uppástungur ydar, dags.
26. d. marzm. 1855, ~~um~~ um það, hvernig haganlegast
mundi mega hagnýta móland bæjarins.

Vjer erum ydur samdóma í því, ad naudsyn beri til
ad koma betra skipulagi á mótekju í landi bæjar-
ins, en hingad til hefur átt sjer stad, en med því ~~þeir~~ vjer
eigi vitum hversu mikid mólandid er, eda hvernig því hagar, þykjumst vjer eigi
geta kvedid upp álit vort um þetta mál í þetta
skipti; en med því ~~þeim~~ oss er þó næst gedi, ad fara í þá stefnu, sem
þjer hafid stungid upp á í brjefi ydar 26. marz
f. á. undir tölulid 2, þá verdum vjer ad fara þess
á leit vid ydur, ad þjer fáid yfirkennara B.
Gunnlaugsson, til gegn sanngjarnri borgun ~~til þess~~
ad mæla upp allt land bæjarins nú í sumar, og sjer-
staklega mómýrarnar, Arnarhólsmýrar, Vatnsmýri og
mýrarnar fyrir vestan bæinn, og búa til upp-
drátt yfir, og verdum vjer jafnframt ad áskilja oss
~~og~~ ad koma oss saman vid herra Gunnlaugsson um
nákvæmara fyrirkomulag á mælingunni, og ~~hverra~~
~~stórar spildur skuli afmarka~~ á uppdrættinum.

Meira hluta vorum ~~[illegible]~~ getur eigi virzt, ad það muni svara
kostnadi, ad setja neina umsjónarmenn yfir
mótekjuna í sumar, enda eigi ~~naudsyn ad~~
hentugt ad leggja ~~þ~~ toll á ~~[illegible]~~ hvern hest
af mó, sem upp væri tekinn, ~~enda~~ med því eigi mundi þaudid ad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856. |
|---|---|
| | komast að, hverru marga hesta hver einn tekur upp í landi bæjarins. En aptur á móti verðum vjer fastlega að skora á yður um, að þjer sjáið til þess, að þeir menn, sem eigi eru búsettir í Reykjavíkurþinghá eigi taki upp nú í landi bæjarins. |
| | Vjer erum allir á ~~þv~~ einu máli um það, að rjettast sje og óumflýjanlegt, að grafa ýmsa skurði um mýrarnar, einkum Vatnsmýri, til að veita vatni burt úr gröfunum; ~~og með tilliti~~ en með því að svo langt er um liðið, síðan að nefndin, er um það átti að segja álit sitt, ~~H~~ kom með uppástungur sínar, dags. 7. februar 1851, þá munum vjer síðar skýra yður frá því, hverja skurði gjöra ætti um mýrarnar. |
| | ~~og munum~~ H. Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson. Þ. Jónsson. J. Þórðarson. J. Pjetursson. |
| | Nr. 27. |
| 19. apríl. Til bæjarfógetans. | Í brjefi yðar dagsettu 27. marzmánaðar þ. á., hafið þjer, herra kansellíráð, getið þess, að stiptsyfirvöldin með brjefi sínu 16. d. februarm. f. á. hafi úrskurðað, að jörðin Hlíðarhús grði að álítast vera orðin eign Reykjavíkurbæjar með konungsúrskurði 24. d. febr. 1835, og að eptirgjaldið skyldi framvegis gjaldast í bæjarsjóð af ábúandanum, en bænum bæri aptur að gjalda Helgafellsprest afgjald það, sem ákveðið er í konungsúrskurðinum, sem þegar var nefndur; og að þjer hafið þinglýst þessu brjefi stiptsyfirvaldanna. Því næst getið þjer þess, að ~~enn sje ekkert svar komið upp á brjef þjer~~ þjer hafið brjef frá Helgafellsprestinum, dags. 15. júní f. á., en þar sje að eins ~~getið~~ talað um afgjaldið af Hlíðarhúsum til fardaga 1855. En síðan hafið þjer fengið brjef frá frú E. Thorstensen |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

 | Mánaðardagur. 

dags. 11. þ. m., þar sem hún skýrir frá, að presturinn á Helgafelli, sjera O. Thorberg hafi skrifað sjer, að eigi samþykki það, að hún greiði afgjaldið eptir jörðina í bæjarsjóðinn, og hann vilji ekki sleppa umráðum sínum yfir jörðunni, og tekur hún í sig, að henni virðist það skylda sín, að greiða honum afgjaldið, en eigi ~~afgjaldið~~ bæjarsjóðinum, svo lengi hann eigi samþykki það. Því næst beiðist þjer álits full-trúanna um, ~~þetta~~ hvernig í málið eigi að taka, og hvort það eigi muni rjettast, að rita stiptsyfirvöldunum og beiðast, að þau beinlínis skipi prestinum á Helgafelli að sleppa umráðum sínum yfir jörðinni, og honum einkum haldið til, að afhenda byggingarbrjefið fyrir Hlíðarhúsum til ábúðarinnar af bæjarlandinu, og jafnframt láta frú E. Thorstensen vita, að hann eigi lengur hefði umráð jarðarinnar.

Vjer höfum íhugað þetta mál vandlega, og rætt það á fundi með oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, og vorum allir einhuga í yfirvandaða og því, að hið bezta ráð til að ná jörðunni undir yfirráð bæjarins væri það, að rita stiptsyfirvöldunum um þetta mál, og segja þeim frá, hvernig málið nú væri komið, og jafnframt beiðast þess, að þau skerust í málið, og gjörðu enda á þrætunni, annaðhvort á þann hátt, er þjer hafið stungið upp á, þ. ex. það þau beinlínis skipuðu prestinum að sleppa umráðunum og afhenda byggingarbrjefið fyrir Hlíðarhúsum, eða á annan hátt, er þeim þætti betur við eiga, og setjum yður hjer með í hendur að rita stiptsyfirvöldunum um þetta mál.

Skjölin sendast yður hjer með aptur.

H. Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson. P. Jónsson. Jón Þórðarson.

---

Nr. 28. | 19. april Til bæjarfógetans.

Í brjefi yðar, dags. 12. þ. m., hafið þjer herra Kanselíráð, stungið upp á þeim þremur breyt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur. | 1856. |
|---|---|
| | ingum í skilmálum þeim, sem vjer senduum yður með bryefi voru dags. 7. þ.m., fyrir vegabótum þeim, sem gjöra þarf á kostnað bæjarins í vor, 1. að áskilja sjer í skilmálunum að mega kjósa á milli lægsta og næstlægsta boðs. 2. að frestur ~~inn~~ sá, innan hvers boðið eigi að samþykkjast ~~virðist~~ verði ákveðinn 2 dagar; með því einn ólarhringur sje of stuttur. 3. að hlutaðeigendur skuli vera háðir áliti bæjarstjórnarinnar sjálfrar, en eigi annara útífrá, um það hvort verkið sje ~~reglulega~~ ~~forsvaranlega~~ vel af hendi leyst. |
| | Því næst getið þjer þess í brjefi yðar, að ef laga ætti, stefnu Tjarnargötu, þá þyrfti að flytja inn kálgarðinn hjá húsi Sigurðar [á Seli] Steingrímssonar, en það mundi eigi geta orðið án talsverðs endurgjalds, og því mundi rjettast, að gjöra nú við götuna eins og hún væri. |
| | Í niðurlagi brjefs yðar hafið þjer þá getið þess, að skólavarðan þurfi bráðrar aðgjörðar við, og beiðist álits fulltrúanna um, hvort eigi mundi rjettast, að bjóða það verk upp á undirboðsþingi, og hvernig aðgjörðinni eigi að haga. |
| | Vjer, sem hjer ritum nöfn vor undir, höfum íhugað þessi mál, og rætt þau með oss á fundi; gætum vjer ~~þó~~ eigi fallizt á uppástungu yðar um breytingu á skilmálunum fyrir vegabótunum; með því ~~þá~~ oss virðist, það eigi rjett í sjálfu sjer, að hafa gefið einhverjum hamarshögg, en þó síðar segja nei ~~til~~, sökum óduguaðs hans, auk þess gæti það leitt til þess, að þeir sem betur væru fallnir til verksins, og færari ~~væru~~ um ~~verkið~~ það eigi byðust til að gjöra það fyrir eins lítið, og þeir annars mundu gjöra, ~~er~~ þeir ímynduðu sjer, að ~~sá~~, ~~er lægsta boð hefði gjört~~ þeim, yrði heldur trúað fyrir verkinu, en þeim, sem lægsta boð hefði gjört, ef þeir ímynduðu sjer, að bæjarstjórnin eigi álíti þann hinn sama áreiðanlegan. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1856

Máisadarel.

Apter á ~~hinn bóginn~~ móti finnst oss miklu rjettara og edlilegra, að bodi ~~óáreiðanlegra manna, eða~~ þeirra manna, er einhverra orsaka vegna eigi þætti áreiðanlegir, ~~þeirra, er eigi væru færir um verkið~~, væri alls enginn gaumur gefinn, og það væri tekið fram í skilmálunum. Á hinar tvær uppástungur yðar um breytingu á skilmálunum föllumst við aptur á móti að öllu leyti, nefnil. að fresturinn til samþykkis bæjarstjórnarinnar á lægsta bodi sjeu ~~að eins~~ 2 sólarhringar, og að hlutaðeigendur sjeu háðir áliti bæjarstjórnarinnar um það, hvort verkið sje vel af hendi leyst.

Vjer erum yður að öllu leyti samdóma í því, að eigi sje vert, í þetta skipti að laga stefnu Tjarnargötu, t.a.m. með því að flytja inn kálgarðinn hjá húsi Sigurðar á ~~Stein~~ [illegible], ennú beri ~~að~~ einungis að ~~laga~~ gjöra við götuna eins og hún er sudur að norðurhorni á Suðurbæ, og ~~beri~~ virðist oss þá liggja fyrir, að laga rennuna sudur með gildaskálanum, húsi Mad. Helgesen og snikkara O. Gudjohnsens, og gjöra hana beina, og bera ofan í götuna möl þar sem þess þarf við, en lækka hana í suðurendanum.

VI. Um aðgjörðina á Skólavörðunni virðist oss rjettast að láta bíða að ákveða fyrst um sinn, þangað til búið er að halda undirboðsþing á vegabótum þeim, sem nauðsynlegar eru og ákveðnar, og sjá má, hvernig á fjárhag bæjarins muni standa eða hvort nokkurt fje muni verða afgangs til þess, og því síður fannst meiri hluta vorum ástæða til, að ~~verja fje til~~ ákveða um aðgjörð Skólavörðunnar nú, sem yður er kunnugt, að í fyrra var það ákveðið af bæjarstjórninni, að Skólavörðuveginum skyldi vera aðeins fyrir fótgangandi menn, og engar hestaferðir eða vagna-umferð skyldi leyfð á þeim vegi; ~~en þetta virðist~~ eigi því (var) hlýtt og ákveðið ~~og ákveðið~~, að Þorlákur Ó. Pjetursson, er við Skólavörðuveginn gjörði í fyrra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur. | 1856. |
|---|---|
| | skyldi þetta árið fá nokkra viðbót til að fullgjöra veginn og halda honum við; en nú getum vjer eigi dulizt þess, að um veginn var í fyrra haust farið bæði með vagna og hesta, og er enn; en vjer erum staðráðnir í því, að verði vegurinn eigi algjörlega friðaður fyrir þessa ~~ferðum~~ og hann varinn þeim skemmdum, sem ~~og vögnunum, eigi~~ af þess konar umferð hlýtur að leiða, eigi að gefa samþykki vort til að kostað verði einum skildingi uppá hann fremur, en búið er; og því verðum vjer alvarlega að skora á yður um, með því oss þykir nauðsyn til bera, að hafa einhvern þann veg, er óskemmdur sje af hestum og vögnum, og mönnum því fær til gangs, hve nær sem vera skal, að taka einhver þau ráð, er dugi til þess að friða veginn, og takist yður það, eða þjer sjáið yður ~~fært~~ ráð til þess, ~~það~~ þá að sjá um, að Þorlákur Pétursson sem fyrst gjöri við hann. |
| | Þessu áliti meiri hlutans gat tómthúsmannafulltrúinn Jón Þórðarson þó eigi verið samdóma að því leyti, sem honum virtist vegurinn upp að Skólavörðunni eiga að standa öllum opinn, hvort heldur væri með hesta eða vagna |
| 27. d. aprílm. Til bæjarfógeta | **Nº 29.** |
| | Eptir brèfi stiptsyfirvaldanna frá 16. October f. á. hefir Cultusráðherrann boðið þeim, að senda nákvæma áætlun yfir það, hvað kosta mundi að koma hèr upp barna-skóla í Reykjavík, og eins yfir það, hvað skóli sá mundi árlega kosta, ef því hann væri á kominn; skyldu þau taka með sèr, til að gjöra áætlun þessa þá menn, er bezt bera skyn á málefni þetta, einkum Yður og dómkirkjuprestinn, og að því búnu leita álits bæjarstjórnarinnar um það, hvernig útvega ætti peninga þá, er til |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra þyrfti, og hafið þér nú samkvæmt þessu sent oss, bæarfulltrúum Reykjavíkur með heiðruðu bréfi yðru frá 15. janúar þ. á. áminnzt bréf stiptsyfirvaldanna ásamt með áætlun yðar og dómkirkjuprestsins yfir fyrrtéð útgjöld, og óskað, að vér skýrðum frá áliti voru um það, hvernig bezt mundi að fá áminnzt fé, einsog þér og síðar eptir beiðni vorri hafið sent oss 8. f. m. skjöl þau, er rituð hafa verið um málefni þetta. Um leið og vér nú hér með sendum yður aptur öll áminnzt fylgiskjöl, skulum vér leyfa oss að segja yður frá áliti voru, er ofan á varð meðal vor um áminnzt málefni, og er það þannig látandi. ——

Eptir fyrrtéðri áætlun þurfa 5000 rdl til að byggja hús handa barnaskólanum og 1000 rdl árlega til launa handa þremur kennendum, til að kaupa brenni fyrir og annað, er á þarf að halda í skólanum, og eins til viðurhalds húsinu.

Vér viljum nú ímynda oss, að koma mætti upp timburhúsi fyrir 5000 rdl, er nægði fyrir skólann, þó mundi engum afgangur þar af verða; en vér ætlum þar á móti, að hin árlegu útgjöld í skólans þarfir, aldrei mundu geta orðið svo lítil, sem í áætluninni stendur.

Fyrst og fremst er þar ekki minnzt á leigu af þeim 5000 rdl, er skólahúsið á að byggjast fyrir, og skiljum vér ekki í, hví henni er sleppt, þar sem þó bæjarsjóðurinn enga fyrirliggjandi peninga hefir, er hann geti varið til þessa, heldur þyrfti að taka þá til láns, og verður leigan þar af á ári hverju 200 rdl, eins er það og auðséð, að þar eð byggingin yrði af tré, og þyrfti því öðruhverju talsverðrar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atgjörðir, yrði að leggja upp til þessa svo sem 50rdl árlega, auk þess sem af láninu þyrfti að borga líklega nokkuð aptur á ári hverju. Oss virðist þannig, að til þessa alls mundi árlega þurfa að ætla í hið minnsta svo sem 300rdl fyrst um sinn, og mun það ekki of mikið.

Í annan máta erum vér samþýðum áætlunarinnar með öllu samdóma í því, að það ríði mjög mikið á því, að fá duglegann mann til að vera yfirkennari í skólanum, og hafa umsjónina yfir börnunum, því einúngis með því skilyrði, að hann væri þessu starfi fullvaxinn, mundu menn láta börn sín í skólann og skólinn geta náð tilgángi sínum, og það er eins auðséð, að til þess að geta fengið slíkann mann og geta haldið honum, þurfa laun hans að vera sómasamleg, en oss virðast 500rdl — þó þar við bætist, að hann mætti búa leigulaust á skólanum — sé enginn laun fyrir slíkan mann hér, þar sem allt kostar svo mikið, og það er víst, að væri hann þess um kominn, að geta fengið prestakall, eða annað embætti hér á landi, og af öðrum hefði menn ekki sömu not, mundi hann bráðum velja hinn veg, að sækja burt, nema hann ætti von á betrum í kjörum sínum við skólann með tímanum. Vér getum þannig varla ímyndað oss annað, en að það yrði eptir nokkur ár, að hækka laun hans til 600rdl, og eins og til vill gefa honum vonum meiri hækkun í þeim, þegar fram liðu stundir. Líka mundi einginn fást til að vera tímakennari á skólan-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um fyrir 100rd, því hann yrði að kenna þar í svo marga tíma á hverjum degi árið út, sem gjört er ráð fyrir í uppkastinu til skólareglugjörðarinnar, að kennslan skuli vera, þar bekkirnir eiga að vera 3, en kennendurnir ekki nema tveir fyrir utan tímakennarann, og mundi því óhætt megaætla 150 til tímakennslunnar.

Í þriðja lagi hafið þið gjört ráð fyrir því, að 100 til 120 börn mundu sækja skólann, og ætlað 3 kennendur nóga handa þeim; en vèr getum varla skilið í því, að einn kennari, einkum af ~~þeim, sem~~ hann er óvanur að segja til, sem gjöra má ráð fyrir, að tímakennarinn opt mundi verða með fyrsta, geti sagt til 30 eða 40 börnum í einu, svo að í nokkrulagi fari, og ætlum vèr, að varla mundi veita af 4 kennendum, ef börnin væru 120; og laun handa þessum 4. kennara, þó hann nú og væri tímakennari, gætu þó ekki orðið minni en 150rdl.

4 Vèr ímyndum oss þannig, að hin árlegu útgjöld í þarfir skólans mundu af og frá geta numið minnu, en í hið allra minnsta svo sem 1600rdl.

Að vísu ætlast nú, eptir uppkastinu til skóla-reglugjörðarinnar, þau foreldrar barnanna, er fær væru um það, að gjalda á parti nokkurn kennslueyri með þeim; en vèr erum með öllu samdóma semjendum hennar í því, einkum af ástæðum þeim, er þar eru af þeim sérlega greinilega og nákvæmlega útlistaðar, að ekki mundi henta, að hafa kennslueyrinn með hverju barni meiri, en 32s um mánuðinn og eins að hann yrði að vera minni með börnum þeirra, er fleiri

en eitt barn ætti í skólanum. Væri nú svo, að
20 af börnunum þeim, er á skólann gengju,
ætti svo fátæka að, at enginn kennslueyrir
fengist með þeim, og at með hverju hinna
barnanna væri goldið upp og niður 24ß. (
þar margir mundu eiga 3 eða 4 börn, eður
þá fleiri, er í skólann gengju, og hjá sum-
um mundi ekki fást fullur kennslu-
eyrir, fengist hjá foreldrum barnanna
á þennan hátt hér um bil 300 rdl, (1300
þá yrði að jafna niður á bæjarbúa ár-
lega hér um bil 1300 rdl meira, en nú
er, sem í ár hefði orðið hér um bil
100 % meira, en gjört var, þar það, sem
jafnað var niður á þá, voru liðugir
1300 rdl. En þegar gætt er að því, að
meiri hluti tómthúsmanna og handiðn-
amanna eru sárfátækir, og þola enga
meiri byrði, en sem þeir nú bera, kemur
fyrrtéð útgjöld að mestu leyti til að lenda
á fáeinum mönnum, af hverjum þó sum-
ir, svo sem embættismennirnir, er flestir
hafa svo lítil laun, að þeir varla komast
af fyrir sig og sína sómasamlega, ekki verða
færir um, að láta meira úti hlutfallslega
en þeir nú gjöra, sízt svo nokkru
nemi.
Oss virðist þannig, að það sé, nú
sem stendur, með öllu ofvaxið efnum bæar-
búa, að standast allann þann árlega kostn-
að, er af slíkum barnaskóla, sem stungið hefir
verið uppá, hlyti að leiða, og erum vér með
öllum sannindum hinum fyrri bæarfulltrú-
um, er ritað hafa um málið, að óþarft sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at jafna meiru á hvert hús út það, ~~þá~~ sem nú er, en svo sem 60%. En þar et þvílíkt fé bæði mun þurfa til annara óumflý-janlegra hverþarfa, er upp kunna einatt at koma, og þar at auki lítið hrykki í allan hinn kostnað, og vér ekki vitum, hvaðan það fé allt ætti at takast, er á brestur, verðum vér at álíta, at efnin hljóti at ráða, og at ekki sé hugsanda til, at svo stödd-u, at stofna hér annan eins barnaskóla, sem umræðir, hvað nytsamur og nauðsyn-legur sem hann svo kynni at virðast.

Auk þessa skulum vér nú leyfa oss at geta þess, at það leiðir af sjálfu sér, at skólinn yrði ekki annarstaðar settur, en mitt í bænum, helzt á Austurvelli, svo at sem flest af börn-unum ætti sem skemmst í hann. Nú standa bæir tómthúsmanna bæði fyrir vestan kaupstaðinn og eins fyrir austan hann, og er svo langur vegur frá yztu bæaþorp-unum beggja megin og inn á Austurvöll, at ófært mundi verða fyrir börn á 7., 8. og 9. ári at sækja skólann þangað, í hverju illviðri á vetrardag, og hvernig sem færð væri, og það tvisvar á dag, og stundum í hálf-dimmu, enda þó fullorðnir bæði fylgdu þeim í skólann, og sæktu þau aptur þangað, fyrir hverju kvenmenn sem optast yrðu at verða, þar karlmenn þá hafa annað at stund-a á verkstöðum hjá tómthúsmönnum. Ymsir tómthúsmenn gætu þannig at áliti voru ekki notað skólann handa börnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sínum, hvað fegnir sem þeir vildu, og
frá þessu virðist og í áætluninni vera gengið,
þar sem þar er álitið, að af þeim 160 börn-
um, er nú eru í bænum, á millum 7 og
15 ára, mundu að eins sækja skólann 5/8
partar, eða þá 3/4 partar; því hefði það þótt
unnt fyrir alla bæarbúa, að senda börn sín
í skólann, hefði engin ástæða verið til, að
byggja áætlunina á þeirri getgátu, að ekki
mundu allir nota sér af því, þar
sem þó öll líkindi hlytu að vera fyrir
hinu, að allir mundu, ef kennslan og
umsjónin með börnunum yrði góð og
sem + vera bæri, og þar að auki kostnaðar
minni, en menn gætu fengið hana hjá sér,
láta börn sín gánga þar, úr því þeim öll-
um stæði það frjálst fyrir, nema því að eins
að einum yrði að verða það með öllu
ómögulegt. Nú virðist það þó liggja í
augum uppi, að ef barna uppfræðíngin
er álitin sem skylda, er hvíli á sveitinni
(Communal-Anliggende) væri það með öllu
ónógt, og þar að auki ránglátt, að stofna og
viðhalda barnaskóla með sameiginlegum
sjóði bæarbúa, er að eins gæti gefið börnum
sumra þeirra næga uppfræðíngu, nema
sveitin þá um leið annist, að hinir aðrir,
sem ekki er unnt að nota skólann, geti á
annan hátt fengið eins góða og kostnaðarlitla
uppfræðíngu handa börnum sínum,
sem þeir, er skólann geta notað. Enn af
þessu leiddi það, að sé það nú rétt álitið,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ýmsir tómthúsmenn ekki mundu geta notað skólann fyrir börn sín, og barna uppfræðingin yrði þó gjörð að sveitarmálefni, yrði og að sjá börnum þeirra fyrir nogri uppfræðingu á annan hátt, og það því heldur, sem barnauppfræðingunni hjá sumum þeirra heldur kann vera ábótavant; og vildu menn segja — hvað vér þó sem fyrrgetið ekki getum álitið rétt — að fyrrtöldar tálmanir ekki væru svo miklar, að börn allra tómthúsmanna ekki getu vegna þeirra sókt skólann, þá er auðráðið að bæta þyrfti þá enn nýjum kennara við á skólanum, svo það ekki væri sökum fyrirkomulagsins á honum, að sumir yrðu að halda börnum sínum frá honum. Það er þannig auðsætt, að ef barnauppfræðingin hér í bænum er gjörð að sveitarmálefni, yrðu útgjöldin, til þess að annast hana sem bezt, álitið að verða lángtum meiri en hér að framan er ávikið, og kostnaðurinn með öllu ókljúfandi fyrir bæarbúa.

Vér getum nú ekki heldur séð, að það geti verið beinlínis sameiginleg skylda bæarbúa, að annast um eður kosta uppfræðingu barna þeirra manna, er sjálfir eru fullfærir um það; en þar á móti, þegar þeir, sem að börnunum standa, annaðhvort vegna efnaskorts eða viljaleysis, ekki sjá þeim fyrir nogri uppfræðingu, álítum vér, að sveit-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

in eigi að taka að sjer uppfræðslu þeirra barna, en þó á móti fullu endurgjaldi frá þeim, er efni hafa til, að veita börnum sínum uppfræðingu, en vantar viljann til þess.

Þegar menn nú gæta að því, hvernig hjer er ástatt, eiga allir þeir, er efni hafa, og nokkurn vilja að gefa börnum sínum uppfræðingu, þegar kost á því, þar hjer er auðið ýmsra manna að fá til þess, og það fyrir sanngjarnt kaup, er geta gefið börnum þeirra nóga uppfræðingu, eptir standi þeirra, svo að þeir í þessu eru ekkert uppá aðra komnir. En eins og vjer höfum áður sagt, er það helzt á meðal nokkra tómthúsmanna og handiðnamanna, sem barnauppfræðingunni kann að vera ábótavant, því bæði er fátæktin mest meðal þeirra, eins kann og hirðusemin minnst, og vjer álítum, að bæri opinbera athygli að skerast betur í, en nú er gjört, að sjá þar um barna-uppeldið og uppfræðsluna; en vjer verðum þó jafnframt að geta þess, að vjer álítum, að það ekki geti verið skylda sveitarinnar hjer, að sjá um, að börnum þessum verði veitt meiri uppfræðing, en sem aðrir bændamenn í sveitum hjer á landi almennt fá, það er, að þeim sje kennt að lesa, og eins fái nóga tilsögn í barnalærdóminum undir umsjón prestsins, og mætti þar við bæta, ef vildi, að þeim og yrði kennt að skrifa og reikna.

Í þessu skyni höfum vjer ímyndað oss, að nóg mundi vera, að fá einhverja 2 ráðsetta og vel uppfrædda bændamenn, er lagnir væru að, að segja til börnum, og láta annan þeirra segja til börn-

unum í bæjunum fyrir vestan kaupstaðinn, en hinn
aptur börnunum í bæjunum fyrir austan hann. —
Börn þau, er vjer álítum að þyrftu við opinberrar til-
sagnar, eður sem enga þá eiga að, er geti veitt, ef þær
vilji veita þeim tilhlýðilega uppfræðslu, höldum vjer,
að á hverjum staðnum fyrir sig kæmi að vera svo
sem 20; gæti þá kennarinn haft þau í 2 eður 3 flokkum,
og látið hvern flokkinn safnast fyrir sig á einhverjum
heldri bæ tómthúsmanna, og gengið svo sjálfur á milli,
(og) svo vegurinn yrði sem minnstur fyrir börnin að
fara, og ekki þyrfti að byggja hús til þess sjer á parti.
Ef kennarinn hefði börnin í 3 flokkum, þyrfti hann
ekki að vera hjá hverjum þeirra, nema svo sem 2 tíma
á dag, því börnin gætu lært heima þess á milli, og gætu
þau það ekki, yrði að koma þeim fyrir annarstaðar,
hvar þau gætu það, eptir reglum þeim, er í því efni gilda
hjer á landi.

Vjer ætlum nú, að kennslutíminn fyrir áminnst
börn ekki ætti að vera lengri, en 8 mánuðir á ári
hverju, og að börnin ættu að venjast við vinnu um
sumartímann, einkum hin eldri þeirra, (og) slíkt verð-
ur líka nauðsyn fyrir þá, sem að þeim standa, eptir
sem hjer hagar til um sumartímann. — Húsa-
leigu á hverjum stað, sem þar börnin söfnuðust,
ætlum vjer að þyrfti að gefa svo sem 1rd um mán-
uðinn, er í 8 mánuði yrðu 8rd, og ef þetta væri all-
á 6 stöðunum, gengju til þess um árið 48rd. Hverjum
kennara fyrir sig álítum vjer að nóg væri að gefa

120rd, þar hann átti með sig sjálfan allt sumarið, og gæti farið í kaupavinnu, eður unnið sjer þá inn fje á annan hátt. Kostnaðurinn yrði því alls svo sem 284rd, og af þessu gjörum vjer ráð fyrir, að varla mundu falla á sveitina, nema svo sem 200rd, því hitt mundi fást endurgoldið hjá foreldrum sumra barnanna, og undir þeim kostnaði gæti barnið vel risið, eins og hann og væri skyldur til þess. — Það er sjálfsagt, að presturinn yrði að grennslast eptir því, hvar þau börn væru, er ekki fengju næga uppfræðingu, og segja til þess, eins og öll uppfræðingin og ætti að standa undir umsjón hans; en bæjarfógetinn, og einn af bæjarfulltrúunum og einhver tómthúsmanna, er þeir kysu þar til, álítum vjer að ætti að ganga honum til handa, bæði að fá kennarana, hús til samkomustaða barnanna, og annað, er þessa almennu uppfræðslu barna snerti.

Loksins leyfum vjer oss að bæta því, að í svo mikilvægu máli, sem þessu, mundi ekki verða ráðið af að stofna, uppá kostnað bæjarbúa svo kostnaðarsaman skóla, sem stungið hefir verið uppá, án þess að hafa heyrt um það fyrirfram almennan vilja þeirra, á fundi, er í því skyni haldinn yrði.

Reykjavík dag 28 apríl 1856.

H.Kr. J. Guðmundsson. (með tilvísun til ágreiningsálits okkars.) P. Jónsson. Jón Þórðarson. J. Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1856. | Mánaðardagur

## Ad Nr 29.

Þegar við lítum til allra þeirra skjala og bréfa,
er rituð hafa verið um stofnun barnaskóla
hér í Reykjavík, síðan því fyrst var hreift 1848,
og þegar þess er gætt, að síðan frá því fyrir 1820,
og það á þeim árunum, þegar íbúar bæjarins
voru varla þriðjungur að tölu við það sem
þeir eru nú, hefur hér jafnan verið einhver
mynd af barnaskóla fyrir flestöll börn bæjar-
búa, og það þangað til 1849, þá getur okkur eigi
betur virzt, en að allir þeir, sem þetta mál
hafa íhugað og um það hafa ritað, hafi verið
einhuga á því, að barnaskóli væri hér nauð-
synlegur, eptir því sem hjer er ástatt, enda
erum við sömu innyndunar og að minnsta
kosti virðist oss það auðsætt, að mikill hagur
mætti að barnaskóla verða fyrir bæjarbúa,
með því að okkur virðist það liggja í augum
uppi, að bæjarbúar fengju tilsögn barna sinna
bæði ódýrri og fyrirhafnarminni en þeim verð-
ur hún nú, enda mundu börnin ven-
jast á reglusemi í ýmsum efnum, sem þeim
nú eigi gefst kostur á, og má það vera hverjum
heilvita manni í augum uppi, sem einnig
er viðurkennt af öllum menntuðum þjóð-
um, að það er eigi lítill hagur fyrir hvert
fjelag sem er, einkum í stöðum og stærri
þorpum, að hinir uppvaxandi fjelagar þess
venjist þegar í æskunni á reglu og iðjusemi.
Við skulum hér eigi færa frekari ástæður fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1856.

nauðsyn skólans, með því sú spurning eigi liggur fyrir, enda hefur meiri hluti bæjarfulltrúanna sjálfur játað nauðsyn skólans, er þeir þó stinga upp á, að duglegir bændamenn sjeu fengnir til að segja til börnum þeirra tómthúsmanna og iðnaðarmanna, þar sem tilsögninni er ábótavant, sökum fátæktar eða hirðuleysis, og játa, að þess konar börn kunni að vera um 40; og þegar rjett er að gáð, ber okkur því eigi svo mikið á milli og meiri hlutanum; en það sem eiginlega ber á milli er fyrirkomulag skólans.

Að því ~~hvað~~ er kostnaðinn snertir, hversu mikill hann kunni verða, þykir okkur enga brýna nauðsyn til bera, að ganga framúr því, er þjer, herra Kansellíráð, og herra Prófastur Ó. Pálsson, hafið stungið uppá í brjefi ykkar til stiptsyfirvaldanna, dagsettu 24. septembermán. f. á.; því að enda þótt að svo kynni að reynast, þegar til framkvæmdanna kemur, að þið til sums hvers hefðuð ætlað heldur lítið, þá getur og vel verið, að eigi þyrfti eins mikið til sumra, eins og þið hafið ætlað í áminnztu brjefi ykkar til stiptsyfirvaldanna, því að hjer er engin sú reglugjörð samin enn fyrir skólann, sem menn sjeu í nokkru bundnir við, og auk þess erum við og þeirrar sömu meiningar, sem virðist vaka fyrir meiri hlutanum, að hafa ætti skólann heldur smágjörv-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ári í fyrstu, og semja reglugjörð skólans þar-
eptir, því hana mætti þá umbæta og henni
breyta smámsaman síðar, eptir því sem
reynslan tilsegði og þarfir skólans, og eptir
því sem bænum þykist efni til að full-
komna hann; en við höldum þó, að nú
þegar eigi að stofna skóla þannig lagaðan,
að auka megi hann síðar, ef það þætti
æskilegt, án þess að grundvellinum þyrfti
að raska, eða stofna nýjan skóla, en það er auð-
sjeð, að þess þarf eptir uppástungu meiri hlut-
ans, og bærinn í heild sinni er að engu bætt-
ari eptir en áður fyrir slíkan skóla, auk
þess sem við höldum, að torvelt verði bæði að
fá þá menn, sem færir sjeu að segja börnun-
um til, fyrir ekki meira kaup en uppá er
stungið fyrir þá, og eins hús, fyrir þá borgun,
sem meiri hlutinn stingur uppá.

Þegar vjer íhugum því næst, hvernig fje
það fáist, er ætlað er á að gangi til skól-
ans, það er upphaflega 5000 rdl til skólahúss-
ins og árlega 1000 rdl til skólahaldsins auk ár-
legra leigna og afdrags á verði skólahússins,
þá skulum við í stuttu máli setja fram
hugsun okkar um, hvernig vjer ímyndum
oss, að fje þetta megi fá.

Við játum það, að ætti bærinn <u>nú þegar</u> eða
innan mjög fárra ára, að leggja fram 5000 rdl,
og enda þótt ekki væri nema 4000 rdl, til þess að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

koma upp skólahúsinu, þá mundi honum veita það næsta örðugt, og ef til vill, eigi rísa undir það, því síður sem eigi verður hjá því kom-izt, að tölu verðu fje verði að jafna niður á bæjarbúa, til hins árlega skólahaldds, auk þeirra gjalda, sem nú hvíla á þeim. Og því virðist okkur því nær óumflýjanlegt að fara þess á leit við stjórnina, að hún láni fje það, er gengur til byggingar eða kaupa skóla hússins, annaðhvort leigulaust í 10–15 ~~20~~ ár, móti því að bærinn borgi tiltekinn hluta af því á ári hverju, eða ef þetta fje eigi fengizt leigulaust, þá að bærinn fengi það móti leigu, 3 af hundraði, og árlegum afdrætti af höf-uðstólnum, þannig að hann væri að öllu borg-aður að 50 árum liðnum, og getum við eigi trú-að því, að stjórnin verði ófús á, að styðja að þessu fyrirtæki, sem að okkar áliti er svo nauð-synlegt og heillavænlegt fyrir bæinn og með fram allt landið, á annanhvorn þann hátt, er við höfum upp á stungið.

Þegar við því næst snúum huga okkar um, hvernig fje það fáist, er gengur til hins árlega skólahalds, og sem ætlað er á, að verði 1000 rd., þá verðum við og að játa það, að bænum mundi veita næsta örðugt að greiða það fje, auk þess er hann yrði að gjalda til afdráttar höfuðstólnum, ef því fje skyldi öllu jafna niður á bæjarbúa; en við getum samt eigi dulizt þess, að við verð um að álíta bæinn fœran um töluvert meiri útgjöld til almennra þarfa, en hann nú greiðir;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að enginn getur móti því borið, að Reykjavíkurbúar eru vægari skattgjöldum háðir, en við höfum fyrir satt að nokkrir aðrir landsbúar sjeu, og þeir því þoli aukningu á útgjöldum sínum, þegar fjárhagur þeirra er borinn saman við efnahag annara landsbúa, og sje það, sem hjer er í veltu, er borið saman við það, sem er annarstaðar. Enda hafa sveitargjöld Reykjavíkurbúa áður fyrrum verið miklu meiri, en þau eru nú, þar sem t.a.m. um árin 1820–1830 sveitarútsvar hinna efnaðri tómthúsmanna til fátækra voru þá einatt 10rdl, auk bæjargjalda, þar sem bæjargjöld nú eru að eins hjá einum tómthúsmanni 9rdl og hjá einum 8rdl og hjá hinum þaðan af minna, og erum við þó sannfærðir um, að þá hafi tómthúsmenn eigi verið eins efnaðir, eins og þeir eru nú, að minnsta kosti virðist útvegur þeirra og allur aðbúnaður benda til þess, þar sem hann er næsta miklu betri en þá, og erum við á sama máli og bæjarfulltrúarnir 1848 (sjá brjef þeirra dags. 14. oktober. 1848), að ef á þarf að halda, muni mega hækka gjöld bæjarbúa allt að 600rdl, án þess að þeim sè að neinu íþyngt um of, enda er líka meiri hlutinn því samdóma.

Nú hefur verið gjört ráð fyrir, að 7 ára gömul börn gángi í skólann, og þaðan af eldri, allt til þess þau væru 14 vetra; en börn á þeim aldri eru nú sem stendur hjer um bil 160, og munu þau ávallt fjölga, eptir því sem bærinn verður fjöl-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mennari. Af þessum 160 börnum erum við
samfærðir um, að 100 muni í skólann ganga,
svo framarlega sem það tekist, að koma unglingum í viðunanlegt horf og að fá hæfa kennar-
a til hans, og þeir foreldrar væru skyldir að láta
börn sín ganga í skólann, er einhverra or-
saka vegna eigi sæi þeim á annan hátt fyrir
sæmilegri fræðslu. Nú gjörum við ráð fyrir, að
kennslutíminn yrðu 8 mánuðir á ári hverju,
og 1 rdl fyrir hvert barn um mánuðinn, því að
minna virðist okkur eigi að kennslukaupið mætti
vera, og gengju 100 börn í skólann, yrðu það 800 rdl
um árið. Nú er það víst, að ýmsir tómthúsmenn
eru eigi færir um að greiða þessa skólapeninga, og
gjörum við ráð fyrir, að bærinn þurfi að borga alls
svo sem fyrir 20 börn af þessum 100, og sömuleiðis
mælir sanngirni fyrir, að ef tvö eða fleiri systkin
gengju í skólann saman, að borgunin fyrir þau yrði
nokkru lægri, en fyrir önnur börn, svo að skóla-
peningar þeir, er inn koma, eigi yrðu alls nema
600 rdl, það er með öðrum orðum, að bærinn þyrfti
að skjóta til hjer um bil 400 dölum til þeirra
1000 rdl, er ætlað er á að gangi til hins árlega
skólahalds, og það verðum við að álíta bæinn
vel færan um að borga, eins og er, auk þeirra
vaxta eður afdráttar af andvirði skólahússins,
sem fyrr er getið.

Reyndar kann það að virðast í fyrstunni,
að skólagjald þetta sje nokkuð mikið og tilfinnanlegt
fyrir hina fátækari heimilisfeður; en fyrst er það, að ekki
er alþýðu upp á það komandi, að miða menntun og
menningu barna sinna við skildingatal, þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur

sem hið opinbera þarf á annað borð að hlutast til um þetta, og sú skylda hvílir á því, eins og meiri hlutinn hefur orðið að játa, að hèr eigi sjer stað, þar næst er það sjálfsagt, að eins og sveitin verður algjörlega að taka að sjer að annast um uppfræðingu barna hinna eiginlegu öreiga, þegar þeir ekki geta uppfrætt þau sjálfir, eins verður og að fara miðlunar eða tilslökunar veg á heimtingu kennslugjaldsins, eða skólapeninganna af þeim foreldrum, sem álitist ofvaxið eða ófært að greiða þá að fullu. Á hinn böginn er það auðsætt, að feður barnanna geta, ef þeir vilja, unnið sjer meira inn, eða gjört sjer eitthvert meira gagn, en dalsvirði nemi á mánuði hverjum, ef þeir væru lausir við að segja börnunum til sjálfir þær stundirnar, er þeir annars yrðu að verja til tilsagnarinnar. En úr því hlutast þarf um uppfræðingu unglinga af hálfu sveitarfjelagsins, og kostnaður sá, er af þeirri tilhlutun leiðir, hlýtur í þessu sem öðru að lenda á hinum efnaðri, að því leyti hinir snauðari ekki megna að borga fyrir uppfræðingu sinna barna, þá er auðráðið, að fyrirkomulagið á þessu verður bæði að vera formlegt, svo að reglulegt eptirlit verði þar með haft, en það álítum við að ekki verði með sniðum þeim, sem meiri hlutinn hefur stungið upp á ‡

‡ og því svo varið að það geti komið, sem flestum íbúum sveitarinnar eða bæjarins að liði, nefnilega að þeir geti átt sem flestir eða allir jafn framt kost á að útvega börnum sínum uppfræðingu og menntun með sem minnstum tilkostnaði. En það vita allir, að kennslukaup fyrir einstaklega tilsögn barna er nú miklu meira hèr en 1 rd um mánuðinn, og það fyrir miklu færri tíma á dag en í skólanum, er ráðgert.

Auk alls þessa ber og þess vel að gæta, að bænum mætti á ýmsan hátt bætast tekjur úr því sem nú er, en sem hefur dregist og að öllum líkindum mun dragast að kippa í lag, svo lengi

engin sjerstakleg hvöt og engin brýn nauðsyn
þykir til vera til meiri bæjar útgjalda en nú er,
og skulum við í fáum orðum benda á hið
helzta, hvernig tekjustofninum mætti fjölga og
bænum þannig aflast fje til þarflegra fyrir-
tækja.

1. Eptir konunglegum úrskurði 24. febr. 1835
er Reykjavík orðinn rjettur eigandi að Hlíðarhúsum
og bæjarstjórnin fjekk af justizráði Thorstensen
sáluga með brjefi hans dags. 10. febr. f. á. leyfi
hans til þá þegar að búa til uppsátur fyrir
Hlíðarhúsalandi. Ef sjómönnum væri þá vísað
þar á uppsátursstað, mætti um leið leggja á þá upp-
sáturstoll, eins hjer og alstaðar annarstaðar á
landinu, og enda þótt sá tollur gengi í nokkur
ár til þess að gjöra uppsátrið hagkvæmt og
haganlegt, þá mundi þó eigi líða mörg ár,
þangað til þessir uppsátarstollar yrðu töluverður
tekjustofn fyrir bæinn, og mundu honum að
minnsta kosti græðast við það 50 rdl árlega.

2. Þá virðist enn engum ástæða til, að
allir tómthúsmenn hjer í bænum skuli búa
eptirgjaldslaust á lóð bæjarins, enda á ~~hvergi~~ slíkt
sjer hvergi stað annarstaðar á öllu landinu,
það við til vitum, og það eigi hjer í Reykjavík um
þá tómthúsmenn, er búa á einstakra manna
lóð, t. a. m. á Hlíðarhúsum, Landakots og Selslóð;
og þótt sá tollur eigi yrði meiri en 2 rdl fyrir hvern
tómthúsmann, er enginn getur þó annað
talið, en lægst afgjald, og varla nema helming af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur

húsmannstolli annarstaðar, og alls eigi í neinn stað fráfelandi, þá mundi þó það fje, sem þannig gyldist, að minnsta kosti nema 250 rdd, eptir tölu tómthúsmanna hjer nú. En þó að það drægist að koma upp nýju skips uppsátri, en það kynni að þykja ísjárvert, að leggja uppsáturstoll á hina núverandi þurrabúðar menn, meðan uppsátrið er eins og það er nú, og þó að hið sama kynni að mega segja um húsmannstoll af tómthúsum þessara eldri þurrabúðarmanna, þá getur samt ekkert verið á móti, að gjöra öllum þeim að skyldu að greiða þessa tolla, sem hjer eptir vinna hjer tómthúsmannsrjett.

3. Nú hafa ýmsir menn fengið bletti stærri og minni til túnræktunar í landi bæjarins, er smátt saman gánga úr eignarhaldi þeirra, er nú hafa þá, og munu tekjur bæjarins við það auk-ast, sjálfsagt um 50 rd. Auk þess á bærinn töluvert land, sem nú er að öllu arðlaust, og efumst vjer þó eigi um, að ráðmætti finna til, að bærinn gæti haft þó nokkrar tekjur af því, t. a. m. með því að selja það gegn árlegri leigu. Sama ímyndum vjer okkur um tún bæjarins, að væru þau seld einstökum mönnum til eignar eða erfðafestu, gegn árlegri leigu, mundu tekjur bæjarins eptir þau verða töluvert meiri, en þær eru nú.

4. Þá er það, að bæjarbúar nú taka upp mó sinn í landi bæjarins ókeypis, og getur þó enginn talið sem bærinn yfir höfuð hafi neinn hag af því, þótt einstakir menn hafi töluverða atvinnu af því; en ef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856. |
|---|---|

mó mýrarnar væru stykkjaðar í sundur, og þannig seldar annaðhvort til eignar eða til leigu gegn árlegu eptirgjaldi, þá yrði það nýr tekjustofn fyrir bæinn, og getum við alls engan efa á það dregið, að bærinn fengi allt að 150 rd fyrir þær, og mundi þó sá tollur alls eigi verða tilfinnanlegur eða fráfælandi fyrir þá, sem mó tekju upp.

5. Þá er það, að hestar bæjarmanna ganga í landi bæjarins, án þess að neitt sje fyrir goldið, og getur okkur eigi fundist annað sanngjarnara, en að nokkurn hagatoll ætti fyrir þá að gjalda.

6. Þá er Thorkillii sjóðs enn ógetið, og getur engum efi á því leikið, að Reykjavíkurbær verður að eiga tilkall til nokkurs hluta hans, enda virðist oss engin ástæða til, hvers vegna bærinn eigi nú gæti þegar fengið sinn hluta af honum, eptir fólksfjöldatiltölu Reykjavíkurbæjar (– ef ekki Reykjavíkursóknar) þeim, og hinni er nú við núveranda mannfjölda í öllu hinu forna Kjalarnesþingi, sem sjóður þessi er ánafnaður til eignar.

Auk þessa virðist oss full ástæða til í gegnum alþingi að reyna til að fá tilskipun 27. d. nóvember 1846 breyttri þannig.

a.) að hæfilegan skatt skyldi gjalda af allri útmældri lóð og umgirtri, sem bæjarmenn hafa sjer til afnota t. a. m. húsagörðunum (Gaarderum), kálgörðum og stakkstæðum t. a. m. ⅓ af þeim skatti, sem geldst af húsastæðum.

b.) að húsaskatturinn skyldi hækka að tiltölu ef húsin hafa fleiri en eitt lopt, enda eru þess konar hús mjög farin að tíðkast hjer í bænum, bæði íbúðarhús og geymsluhús og munda

bænum við þetta hvorttveggja þó aukart, nokkrar
og eðlilegar tekjur, og enn mætti ýmislegt fleira
til telja, er gæti orðið að tekju-stofnum fyr-
ir bæinn, ef okkur virtist þess þörf.

Enda þótt við eigi gætum kveðið á um,
hversu miklar þessar[2] tekjur[1] mundu verða all-
ar saman, er við þegar höfum talið, þykjumst við
þegar hafa leitt ljós rök að því, að tekjur þær, sem
bænum þannig bættust, mundu með hagan-
legu fyrirkomulagi nema tölu verð meiru
en því, sem bærinn gjörði að skjóta til barna-
skólans, og hin niðurjöfnuðu bæjarútgjöld því
alls ~~ekki~~ eigi verða meiri, en þau eru nú.

Þegar það, er við þegar höfum sagt, er
fylgislaust og hlutdrægnislaust íhugað, virðist oss, að
hverjum einum megi það vera auðsætt, að Reykja-
víkurbær sje fær um nú þegar að leggja fram fje
það, er árlega þarf til barnaskóla þess, er að minnsta
kosti mætti vera góð byrjun og undirbúningur
til að auka hann og efla síðar, svo framarlega sem
fje fengist til skólahússbyggingarinnar á þann hátt,
er við höfum bent til, og við getum eigi annað
en hvatt til, að stofnaður verði barnaskóli hjer
í bænum, og það enda þótt bæjarbúar ættu að leggja
nokkuð í sölurnar í upphafi, með því að við verð-
um að álíta barnaskóla hjer einhverja hina þörf-
ustu, heillavænlegustu og almenning mest varðandi
stofnun, sem nokkur sveit getur þarfnazt, eða til
samarlegs gagns og framfara getur orðið fyrir
hana, fyrir alda og óborna. Og fyr en að ákveðið verði
að hætta við slíkt fyrirtæki, viljum við ráða til, að málið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856. |
|---|---|
| | verði borið undir bæjarbúa alla, á fundi, eptir að þetta álit bæði meira hlutans og okkar hefur geng-ið milli þeirra til yfirlesturs og íhugunar, og málið síðan þar fyrir þeim nákvæmlega skýrt. |
| | M. Friðriksson. Jón Guðmundsson. |
| 29. apríl<br>Til bæjarfógeta | **Nr. 30.** |
| | Til svars upp á heiðrað brjef yðar, herra kanselíráð, dags. 27. dag f. mán. áhrærandi hagatoll fyrir stórgripi, er ganga í landi bæjarins, látum vjer, eptir að hafa ~~ófrestað~~ íhugað þetta mál og rætt það á fundi, ekki ófrestað, að tjá yður, að þar eð bæjarstjórnin hefur enn ekki fengið frá amtinu neitt svar upp á brjef hennar um þetta mál frá 16. maí f. árs, þá finnum vjer eptir kringumstæðunum ~~ekki~~ eigi fullt tilefni til að rita stiptamtinu um það að nýju enn, sem komið er. ~~Sjá~~ Brjef stiptamtmannsins 26. apríl fylgir hjer með. |
| | M. Fr. J Guðmundsson. P Jónsson. Jón Þórðarson. H Pjetursson. |
| 29. d. apríl<br>Til bæjarfóg. | **Nr. 31** |
| | Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð, að herra lögfræðingur herra Jón Guðmundsson hefur tekið að sjer umsjón þá, sem ráðgjörð er í tilskipun 27. d. nóvemberm. 1846, 22. gr., með verkum þeim, sem gjörð verða á kostnað bæjarsjóðs, næstkomandi maímánuð, af fulltrúanna hálfu. |
| | M. Friðriksson |
| 29. d. aprílm.<br>Til bæjarfógeta | **Nr. 32.** |
| | Með brjefi yðar, dagsettu 12. dag ~~aprílmánaðar~~ þ. m., hafið þjer, herra kanselíráð, sent oss brjef stiptamtmannsins, dagsett 8. þ. m., ásamt brjefi prófastsins og dómkirkjuprests Ól. Pálssonar til stiptamtmannsins, frá 31. f. m., og er í ~~þeim~~ þegar greindu brjefi stiptamtmannsins beðið um álit bæjarstjórnarinnar um það, hver borgun væri hæfileg fyrir forsöngvaranum í dómkirkjunni, þegar hann eptir |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

 

| | Mánaðardagur |
|---|---|

ósk manna ítæði fyrir söng við greptranir, eða hjónavígslur, svo og fyrir organleikaranum, fyrir að leika á organið við slík tækifæri.

Eptir að vjer höfum íhugað þetta mál, og rætt það með oss á fundi, getur meiri hluta vorum eigi virzt annað, en að eðlilegast sje, að forsöngvarinn sjálfur stingi upp á því, hver borgun honum þyki mátuleg, og að það sje síðan borið undir bæjarfulltrúana. Eins finnst oss það og sjálfsagt, er stiptamtmaðurinn víkur á í brjefi sínu, að organ~~istinn~~ leikarinn fái borgun fyrir að leika á organið, er þess er beðist; en það er hið sama um hann að segja, að meiri hluta vorum virðist það eðlilegast, að hann sjálfur stingi upp á borguninni fyrir organsleikinn, en það sje síðan borið undir bæjar fulltrúana; en með því oss virðist, að þeir eigi verði skyldaðir til þessara auka starfa, setti með þessari uppástungu þeirra um borgunina að fylgja loforð frá þeim, að gangast undir síðan starfa þegar þess væri beðist fyrir þá borgun, er sanngjörn þætti.

Skjölin fylgja hjer með aptur.

~~Hlttr.~~ J. Guðmundsson. Bjarnason. Þórðarson. Pjetursson.

Nr. ~~31~~ 33

29. apríl — Til bæjarfógeta.

Í brjefi yðar dags. 23 d. þ.m., hafið þjer, herra kansellíráð, látið í ljósi, að yður þyki bæjarstjórninni óviðkomandi að friða skólavörðuveginn, meðan hann eigi væri fullgjörður og afhentur bæjarstjórninni, og því næst getið þeirra ráða, er yður virðast liggja við, til að friða hann.

Eptir að vjer höfum enn að nýju íhugað þetta mál og rætt það á fundi með oss, verðum vjer að láta það álit vort í ljósi, að ~~vjer~~ oss virðist vegurinn ~~hefði~~ afhentur þegar í fyrra sumar, og að hann sje fullgjörður, nema hvað þurfi að gjöra við hann á sumum stöðum og bæta um hann, og friðun hans hefði í rauninni verið sjálfsögð frá því farið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur

var að gjöra við veginn, því að ef ávallt mætti um veginn fara, með hesta og vagna, meðan á viðgjörðinni stæði, gæti svo farið, að hann aldrei yrði fullbúinn, með því hann skemmdist jafnóðum af umferðinni.

Auk þeirra ráða, er þjer getið um í brjefi yðar, til að friða veginn, virðist oss, að leggja steinaröð í ætti við Öskjuhlíðarveginn, þvert yfir stig þann er liggur vestur úr honum, upp eptir holtinu upp að Skólavörðunni, til þess, að utanbæjarmenn sæju, að þar eigi væri neinn hestavegur; enn fremur virðist oss, að hlaða ætti garð út frá endanum á Skólavörðuveginum við Skólavörðuna, svo sem 4–5 faðma langan hvorumegin, eptir því sem bæjarstjórnin nákvæmar ákvæði, þegar verkið væri byrjað, og setja afvísara við endann á veginum á milli þessara garða; þá virðist oss og nauðsyn til bera, að auglýsa það í blöðunum, að öll umferð með hesta og vagna væri bönnuð um veginn. Eptir því sem á stendur, virðist oss að nauðsyn beri til, að neðsti hluti vegarins, upp að klöppinni (sje) fyrir ofan Litlu-Bergstaði, sökum þeirra, er þar búa hjá, öllum opinn bæði með hesta og vagna, og mundi þá og nauðsyn, að setja einn afvísara ofanvert við klöppina, og ef til vill betra að bera nokkuð ofaní veginn upp; þá finnst oss og, að leyfa verði yfirferð þvert yfir veginn á einum stað með vagna og hesta, nefnilega austanvert við bæ Pjeturs Skúlasonar, upp á undirboðsþingi, það sem vjer höfum hjer stungið uppá.

Mtr. J. Guðmundsson. B. Jónsson. J. Þórðarson. J. Pjetursson.

*[Margin:]* Sömuleiðis þeirra, er koma aðsunnan með framgörðunum og norðurhlutanum hjá Bergstöðum, að klöppinni

*[Margin:]* til að friða veginn, þykir oss

## Nr. 324

29. d. april

Til bæjarfógeta

Við niðurjöfnunina í vetur hefur það farizt fyrir, að ákveða bæjargjald skólakennara Jens Sigurðssonar þetta yfirstandandi ár, og höfum vjer nú ákveðið það til 5 rdd., og álítum vjer hentast, að tilkynna það brjeflega velnefndum skólakennara, hvert gjald hans sje, en eigi leggja það fram með niðurjöfnuninni eins og vanalegt er, og þá jafnframt skora á hann, að segja til innan þriggja vikna, ef honum þykir þetta gjald sitt of hátt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 35.

| | |
|---|---|
| Með brjefi yðar dagsettu 25. d. aprílm. þ. á., hafið þjer, herra Kanselíráð, sent oss útskript af byggingarnefndargjörð áhrærandi götuna upp að Hákoti, og beiðst álits vors um, hvort því frá vorri hálfu sje nokkuð til fyrirstöðu, að gatan verði lögð samkvæmt gjörð byggingarnefndarinnar. | 3. d. maímánaðar<br>Til bæjarfógeta. |

Eptir að vjer höfum íhugað mál þetta, og rætt það með oss á fundi, er það sameiginlegt álit vort, að eigi sje því neitt til fyrirstöðu frá vorri hálfu, að gatan verði lögð samkvæmt gjörð byggingarnefndarinnar, og það þegar í sumar, en þó virðist oss eptir því sem á stendur, rjettast, að láta götutilbúninginn yfir Borgarabæjarkálgarðinn bíða haustsins, eða septembermánaðar, og verði því ekkjan í Borgarabæ að hafa tekið upp úr því stykki garðsins, er gatan á að leggjast um fyrir 1. d. septembermánaðar, en oss virðist þó rjettast, að halda undirboðsþing á verkinu sem fyrst að orðið getur, svo að sá, er verkið tekur að sjer, geti lagt hinn hluta götunnar, það er að segja frá húsum þeirra herra kaupmanns Tærgesens og herra kaupmanns Sv. Jakobsens og upp að kálgarðinum, fyrir þann tíma, og sömuleiðis viðað að sjer grjóti; því að annars gæti svo farið, að gatan eigi yrði albúin í haust. Enn fremur skulum vjer geta þess, að vjer ætlumst til, að grindur úr trje verði settar með fram veginum beggja megin yfir kálgarðinn, en eigi grjótgarður, og ætlum það verði kostnaðarminna fyrir bæinn. Uppkast til skilmála fyrir götutilbúninginum látum vjer hjer fylgja með.

Eins og vjer höfum áður ritað yður, ætlumst vjer til, að haldið verði undirboðsþing á viðgjörðinni á Tjarnargötu, og látum vjer nú og fylgja með uppkast til skilmálanna fyrir þeirri aðgjörð. Þykir oss rjettast, að undirboðsþingið á hvorum þessum stað verði boðað 14 dögum áundan, og skilmálarnir mönnum til sýnis um þann tíma.

H.S. Þ.J. J.Þ. J.G.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856 |
|---|---|

## Ad Nr. 35.

### 1. Skilmálar
fyrir strætisgjörðinni vestur úr sundinu milli Jakobsens- og Tærgesens-húsa og upp að Hákotsgörðum.

1. gr.

Frá vesturhorni á húsi Jakobsens og hinu nýja húsi Tærgesens skal veginn leggja jafnbreiðan og sundið er milli húsanna, og það allt beina stefnu vestur eptir, yfir þveran Borgarabæjarkálgarðinn, og upp að Hákotsgarðinum; verður að steinklaða veginn báðu megin, jafna allar mishæðir fyrir neðan kálgarðinn, og brekkuna, sem við tekur fyrir ofan, en gjöra veginn þaðan jafnaflíðandi, hóla- og hettalausan ofan að tjeðum timburhúsum. Þar rjett fyrir vestan þau skal yfir þveran veginn klaða vatnsrennu.

2. gr.

Á því bili vegarins, er liggur yfir þveran kálgarðinn, skal, jafnótt og vegurinn er klaðinn, festa niður 10 stólpa með jöfnu millibili hvoru megin hans; þá stólpa leggur bærinn til.

3. gr.

Til þess að vegurinn geti orðið allur beinn og jafnbreiður sundinu milli tjeðra húsa þá þarf að fylla upp brunninn fyrir vestan húsin, og er sá skyldur til þess, er tekur að sjer að leggja veginn; til hans má brúka svo mikið grjót úr brunninum sem vill og notað verður, en þar í móti má ekkert hafa til vegarins af því grjóti, sem nú er í kálgarðsgirðingunni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr.
Enn fremur skal sá, er veginn tekur að sjer hlaða stöpul eður grundvöll undir Borgarabæjar hjallinn, þannig að hjallurinn verði fluttur norður á við um fullar 2 álnir; ekki þarf stöpull þessi að vera hærri en nú er hann.

5. gr.
Verkið má byrja nú þegar, eptir að hæsta boð er samþykkt, en ekki má þó hagga við kálgarðinum eða byrja vegargjörðina yfir hann fyr en 1. september; en vegurinn skal algjörður ekki seinna en um lok septembermánaðar. Finnist þá gallar á verkinu, eptir áliti bæjarstjórnarinnar, ber að bæta úr þeim, og dregst það frá verkalaunum. Þó má sá, er verkið tók að sjer, bæta um þessa galla, ef hann vill það heldur, en þá skal þeirri umbót lokið innan 8 daga.

6. gr.
Þegar vegurinn er fullgjörður upp að kálgarðinum og nógu víðað að sjer af grjóti í hinn hlutann, má sá, er verkið vinnur, fá helming verkalauna, en hinn helmingurinn verður eigi greiddur honum fyr en verkinu er lokið, og búið er að bæta úr göllum þeim, er á kunna að finnast.

7. gr.
Samþykki hæsta boðs er komið undir bæjarstjórninni, og skal sá, er bauð, fá að vita annaðhvort, áður tvær sólir eru af lopti frá hamarshöggi.

8. gr.
Minna undirboð en 16 skk. verður eigi tekið til greina, og boðum ófullveðja manna verður eigi gaumur gefinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad Nr. 31

## 2. Skilmálar

### fyrir aðgjörðinni á Tjarnargötu.

1. gr.

Við götu þessa ber að gjöra þannig, að fetbreitt ræsi sje lagt 4 fet frá geldaskálanum og húsum þeim, sem standa fyrir sunnan hann, alstaðar jafnlangt frá þeim, og það beint frá kirkjubrúnni og suður á móts við norðurhornið á Suðurbæ, og sje það steinsett beggja vegna, og fyllt vel upp sljettin með fram húsunum með mól. Gatan sjálf skal svo gjörast frá kirkjubrúnni, með ~~fetbreiðu~~ steinsettu ræsi á milli fetbreiðu, og að landnorðurhorninu á Suðurbæ, að hún verði ~~alstaðar~~ því nær jafnhá frá norðri til suðurs, og því skal grafa hana nokkuð niður að sunnan, þar sem bungan er, en hækka hana upp að norðanverðu, svo að steinsetningin í götubrúnunum verði jafnhá steinsetningunni í kirkjubrúnni, og síðan skal bera ofan í götuna mól, svo að vel halli að ræsinu, og vatn eigi nái að staðnæmast á henni.

2. gr.

Verkið skal fullbúið innan loka næsta júnímánaðar, og gatan afhent bæjarstjórninni. Þyki þá gallar á, ber að bæta þá, eptir atkvæði bæjarstjórnarinnar, og dregst það frá verkalaununum, en vilji sá, er verkið hefur að sjer tekið, sjálfur bæta galla þá, er á kunna að þykja, á hann heimting á því, en hann skal hafa gjört það innan 8 daga.

3. gr.

Þegar verkið er vel hálfnað, getur sá, er verkið vinnur, fengið helming verkalauna;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en hinn helmingurinn greiðist honum eigi fyr, en allt verkið er unnið, og gallar þeir bættir, er á kunna að vera.

4. gr.
Samþykki tegsta boði er komið undir bæjarstjórninni, og skal sá, er boðið hefur gjört, fá að vita annaðhvort, innan tveggja sólarhringa.

5. gr.
Minna undirboð en 16 Rkk. verður eigi tekið til greina. Boði þeirra manna, sem eigi eru skilríkir eða fullveðja, verður enginn gaumur gefinn.

Nr. 36.

13. maí
Til bæjarfóg.

Í brjefi yðar, dags. 30. d. aprílmánaðar þ. á. hafið þjer, herra kansellíráð, sent oss afskript af brjefi stiptamtmannsins dags. 23. s. m., þar sem ní fyrirspurn er gjörð til bæjarstjórnarinnar, hvernig á því standi, að enda þótt bæjarstjórnin segi þarfir bæjarins sjeu meiri enn í fyrra, sjeþó byggingargjaldið lægra, nema hjá timburmanni Ahrenz einum, og ~~einn~~ fremur hvers vegna sumum ~~..~~ hafi verið sleppt frá bæjargjöldum, sem amtinu þó virðist að ætti að ~~legg~~ setja í útsvör, og beiðist þjer í brjefi yðar skýrslu fulltrúanna um þessi atriði.

Til svars upp á hið fyrra atriðið, skulum vjer þess geta, sem bæði yður og stiptamtmanni þó hlýtur að vera kunnugt, að eptir tilskipun 27. nóvemb. 1846 19. gr. ~~að~~ ~~½~~ á þriðjungi þess fjár, er þarf til útgjalda bæjarstjórnarinnar, að frátöldu því fje, er þarf til þeirra málefna, er stjórn hafa sjer, þ. e. nú sem stendur fátækramálefna, skuli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur. | 1856.

jafnað niður á byggingar bæjarmanna;
nú eru hin eiginlegu bæjargjöld ~~þegar það fje~~
~~er frátalið, sem gengur til framfæris þurfa-~~
~~manna~~ minni en í fyrra, eins og sjá má af
áætluninni; og því verður húsagjaldið líka
að vera minna; en um húsagjald Ahrenz
er það að segja, að það hefur í fyrra
að líkindum misreiknast, með því ~~skúrinn~~ svo lítur út,
sem skúrnum við suðurgafl hússins
hafi verið ~~sje~~ sleppt; en að öðru leyti getum vjer
eigi fremur um það sagt nú; en nú í ár sje
húsagjald hans ~~það~~ rjett reiknað.

Um hið síðara atriðið, verðum vjer
að svara því, að oss er ókunnugt
um, að nokkrum þeim sje sleppt,
sem ástæða er til að jafna niður á út-
svari, nema skólakennara J. Sigurðsson,
sem, eins og yður er kunnugt, þegar
er og leiðrjett, enda nafngreinir stipt-
amtmaðurinn engan í sínu brjefi.

~~M.Kr.~~ J.Guðm. Th.Johnsen. Jón Þórðarson.

## Nr 37.

17. maí. Til bæjarfógetans.

Út úr brjefi frá Eiríki Eiríkssyni, dagsettu 14.
þ. m., sem hjer fylgir með til bæjarstjórnarinnar, þar sem hann ~~er~~ skýrir bæjarstjórninni frá,
að vatnspósturinn við prentstofuna þurfi að-
gjörðar við, er hann þykist eigi skyldur til að
gjöra, eptir þeim samningi, sem við hann hefur
verið gjörður um gæslu á vatnsbólum bæjarins,
áttum vjer fund með oss og ræddum mál
þetta, og kom oss þá öllum saman, sem á þeim fundi vorum, um, að rjettast
væri, ~~biðja yður~~, að ~~fá~~ þjer, herra kanselíráð, fengjuð ~~svo sem~~ tvo skynsama-
menn, til að skoða þennan nefnda vatns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

póst, og þykja oss líklegastir til þess, herra Teitur Finnbogason og Skapti Skaptason; ættu þeir að ~~segja~~ skera úr því, hvort gallarnir eigi sjeu fólgnir í pumpuverkinu, eða einhverju því, sem Eiríki ber að annast á sinn kostnað; ~~og~~ en virðist þeim, að gallarnir sjeu þeir, er Eiríki segist frá, eða aðrir því um líkir, ~~þá~~ ~~að láta~~ þá ~~á~~ að skýra frá, hverrar aðgjörðar pósturinn ~~við~~ þarf, með hvort brýna nauðsyn beri til að bora trjeð, eða hvort eigi mundi mega bjargast við það óborað fram eptir sumrinu, t. a. m. þangað til póstskipið kæmi hingað aptur næst; því að vjer ímyndum oss, að affarabezt væri, að setja únktólk innan í trjeð, og yrði þá að biðja um hann um pumpustæðið með póstskipinu, og mætti þá ef til vildi, komast hjá að bora trjeð; en að öðru leyti verðum vjer að biðja yður að ráða úr þessu máli sem haganlegast eptir skynsamra manna ráði.

Að öðru leytinu virðist oss ráðlegast, að skipum þeim öllum, sem takavilja vatn hjer í bænum, sje veitt í hinn nýja póst, við hús ~~Frú~~ Gunnlögsens, og tafarlaust ~~[illegible]~~ á haganlegan hátt, enda var hann einkum í því skyni gjörður, og þannig verði hlíft póstinum við prentsmiðjuna, með því að aller hávaði bæjarmanna einmitt sækir í þann póstinn, og mundi þá síðar verða hætt við að vatn þryti í honum.

~~H~~ H. Friðriksson. J. Guðm. J. Þórðarson. P. Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

58. 1/7

| Móttökudagur | 1856. |
|---|---|
| Til bæjarfógetans 2. d. júním. | Nr. 38. Með brjefi yðar dagsettu 29. f. m. hafið þjer, herra kanselíráð, sent bæjarfulltrúunum og beiðzt álits þeirra um brjef frá Ásgeiri bókbindara Finnbogasyni, dag. 23. s. m., þar sem hann beiðist þess, að framnesingum verði leyft að taka upp mó í Kaplaskjóli til brennslu mót sanngjarnri þóknun, og býðst hann til, að vera tilsjónarmaður með mó-upptakinu og skilvíslegri borgun eptir samtali. Enn fremur lætur hann þá von í ljósi, að húsmaður hans Sigmundur í Görðum Sigmundsson eigi verði sektaður, enda þótt hann þegar væri búinn að taka upp mó í Kaplaskjóli án leyfis frá bæjarstjórninni.<br><br>Eptir að vjer höfðum ~~ve~~ íhugað þetta mál, og rætt það á fundi, sem vjer hjer ritum nöfn vor undir, var það sameiginlegt álit vort, að leyfa framnesingum mót borgun móupptak í Kaplaskjóli fyrst um sinn í ár, með þeim skildaga, að Ásgeir bókbindari Finnbogason, eptir tilboði sínu, hafi tilsjón með, að að því sje farið svo haganlega sem verður, og sem minnstur jarðusli gjörður að auðið er, og hann innistandi fyrir skilvísri borgun, ~~og aðhún~~ ~~greiðist~~ í tækan tíma, en ~~ní borgun~~ finnst oss, að borgunin sje hæfilega sett 1 rk. fyrir hvern ~~fa~~ hest af þurrum mó sem upp er tekinn. Eptir því sem ástendur, finnst oss eigi ástæða til, að sekta Sigmund Sigmundsson fyrir móupptak sitt, en sjálfsagt er það, að hann verður að borga fyrir móupptak sitt, eins og hver annar utanbæjarmaður.<br><br>Brjefið sendist yður hjer með aptur. ~~HKFr.~~ J. Guðmundsson P. Jónsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Nr. 39

2. júním. Til bæjarfógetans.

Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð að jeg hef tekið umsjón á hendur með bæjarverkum fyrst um sinn fram eptir mánuðinum, en svo er til ætlað, að landyfirrjettardómari Jón Pjetursson taki hana að sjer, þegar hann kemur.

~~M.~~ Friðriksson.

## Nr. 40

7. júním. til bæjarfógetans.

Í brjefi dagsettu 2. d. júním. þ. á., sem hjer fylgir með, hefur smiður Sæmundur Arngrímsson skorað á bæjarstjórnina, að sjá um, að garðurinn væri hlaðinn upp norðanvert við lóð sína, og hermir loforð uppá bæjarstjórnina um þetta, frá því þegar vegurinn þar fram með var til búinn.

Vjer höfum íhugað þetta mál og rætt það á fundi með oss, og verðum vjer að öllu leyti að halda oss til brjefs bæjar~~stjórnar~~fulltrúanna, 29. júlí 1854, sem Sæmundur mun hafa fengið tilkynningu um.

Þetta viljum vjer eigi láta hjá líða að tilkynna yður til þóknanlegrar meðferðar og frekari aðgjörða.

~~M.~~ Tr. Gudm. Js. Johnsen. Þórðarson.

## Nr. 41

7. júním. Til bæjarfógeta.

Vjer höfum meðtekið í gegnum yðar hendur reikning frá kaupmanni H. St. Johnsen, dags. 22. maí þ. á, hljóðandi uppá 10 rd. fyrir notkun af bryggju hans ~~til~~ hið umliðna ár og fyrir ~~til~~ quarantaine-flaggs, og 40 sk. fyrir flagglínu.

Á fundi þeim, er vjer áttum með oss um þetta efni, varð það álit vort, að vjer eigi gætum ávísað þeim fje ~~reikningi~~ úr bæjarsjóð að svo komnu, því að fyrir þeim gjaldi er alls eigi neitt ætlað í ~~þessu ár~~ áætluninni fyrir þetta ár, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur. | |
|---|---|
| | ætti slíkt að teljast með óvinum útgjöldum, verða fulltrúarnir að hafa fullan rjett á, að semja um það fyrirfram, og reyna fyrir sjer til að geta sett sem beztum kostum, að auðið er, ef það annars álízt naudsynlegt, að hafa þessa umræddu flaggstöng. |
| | Reikningurinn fylgir hjer með aptur. |
| | ~~MKtr.~~ J. Gudmundsson. J. Johnsen. J. Thórdarson. |
| | **Nr. 42.** |
| 14 júni<br>Til bæjarfógeta. | Í brjefi yðar, dags. 31. f. m. hafið þjer, herra kansellíráð, beðizt skýrslu fulltrúanna um leigumála jardeigna þeirra í bæjarins umdæmi, er greiða eigi alþingistoll fyrir fardagaárið 1855-56, og 2. skýrslu um leigugjöld ýmissa jarðeigna, er eigi finnist í hinum árlegu alþingistolls skýrslum, og þjer tilgreinið í brjefi yðar, ~~samkvæmt ofan dæbrjef~~ ~~og~~ fylgja Báðar ~~ra~~ þessar skýrslur ~~hjer með~~ sendi jeg yður nú með þessu brjefi. ~~MK~~ Fridriksson. |
| | ad Nr. 42. |
| | 1. ~~Skýrsla~~ Jarðeignir þær ~~hjer~~ í bænum, er alþingistoll ber að lúka af, eru þessar: |
| | 1. Tún bæjarins, leigð fyrir — 116 rd. |
| | 2. Arnarhóls~~tún~~ Jörð, er vjer metum að leigja megi á ári hverju fyrir 80 rd. |
| | 3. Landakotstún, eins — 80 — |
| | 4. Bjeringstún, líka eins — 33 — 32 |
| | 5. Effersey, eins — 20 — |
| | 6. Rauðará — 16 — |
| | 7. Tún Magnúsar heitins Pálssonar og Grims Melbýs — 10 — |
| | Fleiri eignir, undirorpnar alþingisgjaldi, er oss ekki kunnugt að sjeu í bæjarins umdæmi. |
| | Reykjavík ~~14. d~~ dag 14 Juni 1856 |
| | MKtr. J. Gudmundsson. H. Johnsen. J. Þ. J. Þ. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## ad Nr. 42.

### 2. Skýrsla

um leigu af eptirtöldum jardeignum, er ekki eru nefndar í hinum árlegu alþingistollsskýrslum fyrir Reykjavíkurbæ.

| | |
|---|---|
| 1. Sel med Brádrædi og Litlaseli: | |
| Afgjald 2 fj. smjörs og 4 vættir af saltfiski, er verdur eptir verdlagsskránni fyrir 1856/58 | 20 rd. 64 sk. |
| þar ad auki tómthústollar | 14 – |
| | 34 – 64 |
| 2. Hlídarhús med Ananaustum: Eptir jörd þessa er goldid eptir byggingarbrjefi 8½ vætt í hördum fiski | 35 – 56 |
| 3. Grímstadir: þar metum vjer afgjaldid hæfilegt 1 vætt af saltfiski | 3 – 93 |
| 4, Þóriskot (Melur); afgjald þar er | 1 – |
| 5 Grænaborg; þar er afgjald | 1 – |
| 6. Stekkjarkotstún, þar er afgjald | 4 – |
| 7. Ofanleitisblettur; þar metum afgjald 3 al. | – 51 |
| 8 Litlabæjarblettur; þar metum vjer afgjaldid einnig 3 al. | – 51 |
| 9. Agústar Thomsens tún, þar metum vjer afgjald ad vera nætti | 10 – |
| 10. Móhúsatún; þar metum vjer afgjaldid sem af Grænuborg | 1 – |
| 11. Fjelagstúnid; afgjald þar metum vjer | 16 – |
| 12. Nedraholtsblettur, þar metum vjer afgjaldid | 2 – |
| 13. Efraholtsblettur; Afgjald þar metum vjer 3 al. | – 51 |

Reykjavík, dag 14. Júní 1856.

~~MSt~~. ÞS. ThJ. JJs. JP.

---

14. júním. — Til bæjarfj.

Med brjefi dagsettu 12. dag júním. þ. á., hafid þjer herra kanselíráð, sent oss bónarbrjef frá Sigfúsi snikkara Gudmundssyni á Landakoti, um ad mega losast vid bæjargjald þetta ár, þar hann flytji búferlum hjedan í vor, en hafi borgad undanfarin ár fyrirfram.

Vjer höfum íhugad þetta mál og rætt þad med oss á fundi, og virdist oss sanngjarnt sje, ad ofannefndur snikkari losist frá greidslu bæjargjalds ~~síns~~ þetta ár, svo framarlega sem hann flytur burt í ~~sumar~~ vor úr umdæmi bæjarins.

~~MSt~~. JG. Þ. J. ÞS. JP. Skjalid fylgir hjer med aptur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur | 1856

## Nr. 43.

14. júni
Til bæjarfógeta.

Með brjefi yðar dagsettu 12. þ.m., hafið þjer, herra kanselí-ráð, sent oss brjef frá Helga Jónssyni, dags. 3. júní, þar sem hann biður um, að mega flytja inn í Suðurbæ aptur, ~~sem barnn~~ árlangt gegn 2 rdd. húsaleigu; og getið þjer þess jafnframt í brjefi yðar, að snikkari O. Gudjohnsen hafi látið í ljósi við yður, að hann vildi leigja bæinn til geymsluhúss fyrir 24 rdd. á ári.

Vjer höfum íhugað þetta mál, og rætt það á fundi með oss; og erum vjer yður samdóma ~~yðar~~ í því, alls eigi að leigja bæinn til íbúðar fyrir litla leigu, nefndum Helga; ~~og~~ en ~~[illegible]~~ á hinn bóginn viljum vjer leigja hann snikkara O. Gudjohnsen til geymsluhúss ~~fyrst~~ um sinn þetta árið gegn 4 rdd. leigu.

Bónarbrjef Helga Jónssonar fylgir hjer með aptur.

~~Mltr.~~ J. Guðmundsson. Th. Jonsson. J. Þórðarson. J. Pjetursson.

## Nr. 44.

14. júni.
Til bæjarfóg.

Með brjefi yðar dagsettu 12. þ.m. hafið þjer herra kanselíráð, sent oss til íhugunar og álita brjef frá Jóni bónda Jónssyni á Rauðará, dags. 5 maí þ.á., áhrærandi aðgjörð á Rauðarárveginum.

Vjer höfum íhugað þetta mál og rætt það með oss á fundi, og ~~erum~~ það álit vort um ~~þetta mál~~ það, að með því að svo margir bæjarmenn og aðrir þurfa að fara um veginn inn að Rauðará, þá beri að ryðja ~~veginn~~ hann inn að Rauðarárlæk, en hinn hlutann viljum vjer ekkert við ~~eiga~~ gjöra í þetta skipti, bæði vegna þess, að það verður þetta árið enginn almenningsvegur, enda þykjumst vjer ganga að því vísu, að ~~vjer~~ bæjarsjóðurinn eigi muni hafa ~~rað~~ fje til þess, auk annars, þar sem aðgjörðin mundi heimta ærið fje, ef hún ætti að verða að nokkru liði.

Brjefið fylgir hjer með aptur.

~~Mltr.~~ J. G. Th. Jonsson J. Þ. J. P.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. júní.
Til bæjarfógetans:

Nr. 45.

Með brjefi 12. þ.m. hafið þjer, herra kansellíráð, sent oss að nýju stiptamtsbrjefið 8. apr. þ. á. með fylgiskjali áhrærandi borgun þá, er forsöngvar~~anum~~inn og organsleikarinn ~~[illegible]~~ ~~bera~~ við dómkirkjuna mættu heimta, þegar þeir eptir tilmælum einstakra manna stæðu fyrir söng eða organslætti við greptran, hjónavígslu eða barnsskírn, og hafið þjer jafnframt getið þess, að hvorki forsöngvarinn sem nú er, söðlasmiður J. Steinsson, nje heldur organsleikarinn, P. Guðjohnsen, hafi verið fúsir á, að koma með skriflega uppástungu, (eins og vjer þó fórum fram á í brjefi til yðar 29. apríl þ.á) fyrir slík aukaverk, en að tjeður ~~söðlasmiður~~ forsöngvari hafi látið í ljósi við yður munnlega, 1° að hann áliti þóknun þessa hæfilega ákveðna þannig: fyrir söng við hjónavígslu 1rd., við jarðarför 64 skk., og við barnsskírn 32 skk.; 2°, að gjald þetta ætti að greiðast sem skylda af öllum, og eins þeim, er fengju sjer annan heldur en forsöngvarann til að standa fyrir söng við þessi tækifæri; og 3° að hann vildi, að gjald þetta skyldi hver og einn greiða "kirkjuverjaranum", en hann aptur forsöngvaranum. Aptur á móti getið þjer þess, að organsleikari P. Guðjohnsen eigi hafi viljað gjöra sjálfur neina uppástungu um þetta efni, en hafi þó ekki haft á móti, að þjer stunguð upp á 2 rdd. borgun fyrir organsleik við hjónavígslu, 1-2 rdd. við jarðarför, og 64 skk. við barnsskírn.

Vjer höfum nú enn að nýju íhugað mál þetta vandlega, og rætt það á fundi með oss, og varð það sameiginlegt álit vort allra, að það gæti reyndar alls ekki verið skylda hvorki forsöngvarans nje organsleikarans að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gegna þessum aukaverkum, án þess þeir beri úr býtum sanngjarna þóknun fyrir hvert það verk, um sig, sem vjer þó vitum til, að hefur verið farið fram á við forsöngvarann. En þar sem J. Steinsson hefði viljað gjöra öllum að skyldu hina áminnstu greiðslu, og eins þeim, er ekki leituðu hans til þeirra aukaverka, sem hjer ræðir um, þá er það hvorttveggja, að hann hefur í því efni að voru áliti hvorki að styðjast við sanngirni nje brýna nauðsyn, enda mundi hvorki bæjarstjórnin nje heldur yfirvöldin sjálf eiga ráð á, að leggja á menn slíka almenna og fastákveðna greiðslu, heldur mundi verða að fastsetja það með lögum, ef á skyldi komast; og í annan stað varð oss að þykja mjög ísjárvert og jafnvel ógjörandi, með fram eptir því, sem almennast á sjer stað með slíkar að mestu leyti frivilgjugar greiðslur, sem þær, er hjer ræðir um, og svo sökum afleiðinganna, að fela umsjónarmanni dómkirkjunnar, að heimta það sem annað lögákveðið vita gjald og standa síðan forsöngvara skil á; því að auk þess, sem vjer álítum, að kirkjuumsjónarmanni þessum verði eigi gjörð önnur gjaldheimta að skyldu, en nú sem lögákveðin er og verið hefur, þá mundi hann og sjálfsagt verða mjög ófús á, að bæta á sig þessari gjaldheimtu.

Að öðru leyti urðum vjer að vera á því, að forsöngvarinn og organsleikarinn eigi enn sem komið er frjálst, að ákveða sjálfir borgun fyrir þau aukaverk, sem hjer ræðir um, í hvert skipti sem þeir væru til þeirra kvaddir, og að það sje og hljóti að vera komið undir velþóknun þeirra, er þiggja eiga, hvort þeir vilji ganga að eða frá,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fyrir þá sök þótti meiri hluta ~~~~~ fulltrúanna ekki þörf á nje hlýða, að kveða upp neitt álit um það, hvort borgun sú, er þeir, forsöngvarinn og organsleikarinn, hafa látið uppi við yður sem viðunanlega fyrir hvert verkið um sig, væri sanngjörn eða eigi; minni hlutinn ~~aptur~~ (H. Friðriksson og Jón Guðmundsson) aptur á móti vildi kveða upp álit um þetta, og fannst honum borgun sú, er stungið væri upp á til organsleikarans í brjefi yðru mætti álítast nærhæfis, en að forsöngvarann mætti álíta íhaldinn, ef hann fengi 64 sk fyrir að syngja við hjónavígslu og jarðarför, en 32 sk við barnsskírn; enda fannst honum það eigi eiga með öllu við, að ákveða ~~honum~~ forsöngvara 1 rd. fyrir starf sitt við hjónavígslu, eins og hann hafði stungið upp á, þar sem það væri hjer um bil hið sama gjald og prestinum væri ákveðið.

En ~~eins og~~ enda þótt meiri hlutanum eigi þætti við eiga, að segja af eða á um upphæð þessarar borgunar, ~~eins~~ þá urðum vjer þó allir að vera á því, að það sje bæði æskilegt og nauðsynlegt fyrir staðarbúa hjer og aðra sóknarmenn, að geta átt að vísum manni að ganga fyrir vissa tiltekna borgun, til að syngja við þær aukaembættisgjörðir prestsins, er hjer ræðir um, og að það því væri mjög æskilegt, að báðir þeir, bæði forsöngvarinn og organsleikarinn vildu auglýsa það í Þjóðólfi, ~~eða~~ að þeirra mætti leita af hverjum er vildi til þeirra verka með því skilyrði, að þeim væri greidd fyrir það eða það verkið sú borgun, er þeir álíti sig íhaldna af, og þeir jafnframt ákvæði í auglýsingunni.

Skjölin fylgja hjer með aptur.

~~Mtr.~~ Jón Guðm. H. St. Þórðarson. J. Pjetursson.

Nr. 46.

14. júní
Til bæjarfógetans.

Með brjefi yðar dagsettu 13. þ. m. hafið þjer, herra kansellíráð, sent oss og beiðst álits vors um brjef stiptamtmannsins dags. sama dag, útaf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrirspurn ~~brjefi~~ ydar 11. þ.m., hvort amtid í skodun úrskurdarins
29. april þ.á., hefdi nokkud á móti því, ad slíku for-
bodi yrdi ~~þannig~~ framfylgt þannig, ~~eins og þjer~~ ad
nefnt forbod einnig útvíkkist til hesta ferdamanna
um lestir og endrarnær; lætur amtid í brjefi sínu
í ljósi, ad ~~án~~ þad alls ekkert hafi á móti þeirri
rádstöfun, er mida mætti til ad halda hestum
einnig ferdamanna frá strætum bæjarins; en
þykir aptur varúdarvert, gjörsamlega og í einu ad svipta
ferdamenn frelsi því, er þeir hingad til hafa
haft, ad hafa hesta sína hjer í bænum, og álítur
þad rjettast, ad ferdamönnum yrdi annad-
hvort ávísad umgirt svid til þess ad setja hesta
sína í, eda ad lögregluþjónunum verdi skipad
til skiptis ad halda vörd á því, ad hestar
ferdamanna standi bundnir á þeim stad,
er sjeu eigi látnir vera á götunum frá því
búid er ad taka ofan af þeim, og þangad til
aptur er látid upp á þá, og hefur amtid
bedid álits bæjarstjórnarinnar um þetta at-
ridi.

Vjer höfum íhugad mál þetta og rætt þad
med oss á fundi, og er þad álit vort, eins og vjer
ádur höfum látid í ljósi, ad alls eigi ~~skuli~~ ætti
hestar ad ganga hjer lausir um bæinn; en
vjer erum og amtinu samdóma í því, ad
varúdarvert sje, ad bjóda ferdamönnum ad
flytja hesta sína þegar aptur burt úr
bænum, ~~enda~~ er þeir koma hingad, enda mundi
~~þad~~ slíkri rádstöfun, sem í sjálfu sjer væri og
ósanngjörn, aldrei geta ordid framfylgt. ~~Vjer~~
En med því ~~ekkert~~ bærinn enn sem stendur
ekkert umgirt svædi hefur, þar sem ferda-
mönnum yrdi vísad á, ad setja hesta sína,
medan þeir dveldu hjer í bænum, og þeir eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vildu flytja hesta sína burt, þá virðist oss sá
~~og~~ eini vegur liggja til þessa, að skipa lögreglu-
þjónunum til skiptis að hafa gætur á því,
að ferðamenn bindi hesta sína, þegar þeir
koma hjer í bæinn, en sleppi þeim eigi lausum,
hvorki á Austurvelli nje annarsstaðar, enda
virðist oss það eigi vera ofætlun þeirra að
sjá um slíkt. Það væri sjálfsagt æskilegt,
ef því yrði við komið, að allir ferðamenn
bindu hesta sína á Austurvelli, eða á ein-
hverjum einum stað, en eigi á götunum,
en vjer efumst mjög svo um, að því verði
á komið, en þó þykir oss nauðsynlegt, að
lögregluþjónarnir sjái um, að hestum eigi
sje svo þyrpt saman á strætunum, að þau
sperrist með öllu, eins og ~~stundum~~ einatt
hefur átt sjer stað að undanförnu.

Stiptamtsbrjefið fylgir hjer með
aptur.

~~Mlt~~. J Guðmundsson. Th Johnsen. J Þórðars. J Pjeturs.

## Nr. 47.

Með brjefi yðar, dagsettu 11. þ. m. hafið þjer, herra | 21. júlí Til bæjarfógeta.
kanselíráð, sent oss bónarbrjef Pjeturs Skúla-
sonar dags. 30. d. júnímánaðar, um að losast
við helming bæjargjalda sinna þetta árið.

Eptir að vjer höfðum íhugað mál þetta
og ~~rætt~~ það á fundi með oss, kom oss saman
um, eptir því sem nú væri fram komið, að
ástæða væri til, að lækka bæjargjald hans nokkuð
úr því sem það var upphaflega, og virðist
oss þá sanngjarnt, að setja það niður um
2 rdd., svo að hann þetta árið gjaldi að
eins 4 rdd í bæjargjöld.

Brjefið fylgir hjer með aptur.

~~Mlt~~. J Guðmundsson. P. Jónsson. J Þórðarson. J. Pjeturs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1856.

| Mánaðardagur | |
|---|---|
| 21. júli. Til bæjarfógeta. | **Nr. 48.**<br>Með brjefi yðar dagsettu 27. d. marzmán. þ. á. hafið þjer, herra kansellíráð, skorað á bæjarfulltrúana, að skýra yður frá áliti sínu viðvíkjandi kaupi á þeim hluta Fossvogs, er Laugarnesi heyrir.<br>Vjer höfum ~~nú~~ dregið þetta mál til þessa, til að fá að vita, hvað um Laugarnesið yrði, hvort það yrði selt eða eigi. Nú þegar vissa var fengin fyrir því, að Laugarnesið yrði selt, og bjóða ~~ætti~~ upp Fossvoginn sjer í lagi, tókum vjer mál þetta til nákvæmrar íhugunar, og ræddum það á fundi með oss, og kom oss saman um, að full ástæða væri fyrir bæinn, að bjóða í Fossvoginn, þar eð svo væri lítið land bæjarins eptir þeim skepnufjölda ~~sem~~ er sem hjer er, og virðist oss eigi vert að ganga frá honum fyrir 200 dali, ef hann skyldi verða boðið svo mikið af öðrum, og verðum vjer, ef þjer eruð oss samþykkir, að biðja yður í þessu að útvega samþykki stiptamtmannsins til þessa kaups.<br>Skjölin sendast yður hjer með öll aptur.<br>~~MStr.~~ J. Guðmundsson. P. Jónsson. J. Þórðarson. J. Pjetursson. |
| 21. júlí. Til bæjarfógeta. | **Nr. 49.**<br>Með því að það er vilji vor, eins og vjer vitum að það er yðar, að halda strætum ~~götum~~ bæjarins svo þokkalegum og þrifalegum sem auðið er, og það gengur árlega eigi alllítið fje til viðgjörðar og viðurhalds þeim, ~~þá~~ áttum vjer tal um það á fundi vorum 12. þ. m. hvort eigi mætti neitt gjöra að því, að halda þeim við þrifalegum án þess það yrði tilfinnanlegur kostnaðarauki fyrir bæinn, og kom oss þá saman um, að það mundi stoða eigi alllítið að þessu, ef strætin væru |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sópuð af og til, þegar vel er þurrt um, enda mundi það vafalaust verða til þess, að strætin skjeldust betur við, en áður; því vjer þykjumst hafa fulla reynslu fyrir því, að ~~á strætum~~ öll ~~þar~~ sú bleyta, sem á sum vor strætunum er, þegar rigningar eru, t. a. m. á vorum, kemur að mestu, ef eigi öllu leyti, af taði því, sem á strætin safnast. Nú virðist oss það bein skylda hlutadeiganda, að sópa t. a. m. allri mómold vandlega burt af strætunum jafnóðum, þegar mór er fluttur heim til þeirra, og eins þeirra kaupmanna, þar sem heilar lestir af hestum standa við búðir þeirra, að ~~láta~~ halda hreinsa ~~það~~ því svæði, hreinu og sjeuð þjer oss samdóma í þessu, verðum vjer að skora á yður um, að halda hlutadeigendum hlífðarlaust til þessarar skyldu sinnar. En ~~þau~~ strætin, ~~þar~~ sem einstökum mönnum eigi verður gjört að skyldu að hreinsa, verðum vjer að stinga upp á að ~~hrein~~ sjeu sópuð, á sumrin, á kostnað bæjarsjóðs, að minnsta kosti einu sinni á hverjum hálfum mánuði.

~~Hlr.~~ J. Guðmundsson. J. Jónsson. J. Þórðarson. J. Pjetursson.

Nr. 50.

Með brjefi yðar dags. 31. maí hafið þjer, herra kansellíráð, sent oss svar frá kaupmanni H. St. Johnsen og Egli bókbindara Jónssyni dags. 15. apríl þ. á. viðvíkjandi aðgjörð á rennu þeirri, sem þeir hafa grafið með fram kirkjugarðsveginum, og segjast þeir í nefndu brjefi hafa haft leyfi fulltrúanna 1851-52 til að umgirða brekkuna með torfgarði úr brekkunni sjálfri, og þetta sje upprunni rennu þeirrar, sem hjer ræðir um. | 21. d. júlím. Til bæjarfógeta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðard. | |
|---|---|
| | Vjer höfum nú enn á ný tekið mál þetta til íhugunar og rætt það á fundi með oss og er það sameiginlegt álit vort, að vitnisburður sjálfra þeirra í þessu máli sje ónógur verður, enda liggur það hvorki í vitnisburði þeirra nje hinna tveggja (etazráði Jónassens og Jóns prentara Jónssonar), að þeir hafi nokkurt sem helzt leyfi haft til renni-gjörðarinnar; því að hún er engan veginn óaðgreinilega sameinuð torfgarð-inum; því að efnið í hann er tekið úr ~~og er þó ekkert að sjá, að þeir~~ brekkunni sjálfri, enda bera flög þau og er þó eigi að sjá, að þeir hafi nokkurt leyfi haft til að stinga efnið í hann úr brekkunni sem þar eru þess ljósastan vott; og hafi þeir eigi innan hálfs mánaðar gjört við renn-una eða komið með gildan vitnisburð fyrir því, að þeir hafi haft leyfi til þessarar ræsisgjörðar, erum vjer neyddir til að lögsækja þá. Að hinu bóginu verðum vjer að áskilja oss rjett til, að heimta flög þau, sem í túninu eru, annaðhvort uppfyllt og þakin, eða ofanálag á þau, þegar túninu er skilað.<br><br>Brjefið með fylgiskjali fylgir hjer með aptur.<br><br>~~[illegible]~~ JGudm. P.Jónsson. JÞórðars. JPjetursson. |
| 21. júlí.<br>ávísun. | **Nr. 51.**<br><br>Hjer með ávísast Jóni Árnasyni á Stekka koti 10 rdd 80 sk úr bæjarsjóði, samkvæmt áætluninni III ‡ fyrir snjómokstur á strætum bæjarins síðasta vetur.<br><br>V.T. ~~[illegible]~~ JG. PJ. JÞ. JP. |
| 21. júlí.<br>Til bæjarfóg. | **Nr. 52**<br><br>Hjer á höfninni hafa nú í sumar legið all-mörg utanríkisskip, nefnilega 5 gufuskip, 2 frakk-nesk herskip og 2 enskar skemmtiskútur, er vjer eigi vitum til, að hafi neitt goldið hvorki fyrir l. hafnargögnin, eða hafnargjald |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. vatnsból bæjarins; 3. aðdrátt fyrir fisk hjer á höfninni og meðfram ströndinni sjálfri fyrir framan bæinn með veiðarfærum, hingað fluttum og til þess fyrirfram til búnum, og vorum vjer fulltrúarnir á einu máli um það, að þessu mætti eigi lengur svona fram fara, og vjer því mættum eigi lengur ~~sitja hjá~~ leiða þetta mál fram hjá oss.

1. Hjer í bænum er nú reyndar sett hafnarnefnd, er hafa skuli eptirlit með hafnargögnum og heimtingu hafnargjalds, og liggur það henni næst, að hlutast til, að ekkert það skip, er hjer sækir höfn, og sem "rekið ekki á," hafi sig ekki undan að greiða það hafnargjald, er hafnartaxti innanríkisráðherrans 12. maí 1855 ákveður. En ~~af því~~ nú vjer vitum, með vissu, að hafnarnefnd þessi hefur látið það ógjört, hingað til um þau 3 miklu skip Frakka (að ótöldu gufuskipinu Reine Hortenze, er prinz Napoleon er sjálfur á, og vjer höfum að voru leyti ekki á móti að sje látið ókrafið um þetta gjald, nje heldur önnur slík skip, er framvegis flyttu hingað konungborna höfðingja á skemmtiferðum sínum), og 2 ensk gufuskip, sem þó eru að sögn eign einstakra manna og tekin beinlínis á leigu til flutnings hingað; ~~og á~~ í hinn bóginn virðist oss liggja í augum uppi, að andi reglugjörðarinnar um bæjarstjórn Reykjavíkur beinlínis heimili ~~oss~~ bæjarfulltrúunum rjett til afskipta af þessu máli, engu síður en að öðrum sjerstökum greinum bæjarmálefna, t. a. m. fátækramálefnum og skólamálefnum, enda er svo fyrirskipað, að einn af hafnarnefndinni skuli kosinn af bæjarfulltrúunum;) finnst oss það því (enda virðist það liggja í brjefi innanríkisráðherrans 12. maí, að bæjarstjórnin skuli hafa eptirlit með þessu máli;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera hin skylda vor að skerast í mál þetta, og beið-
ast yðar tilhlutunar um, að af öllum ~~þeim~~ skipum ~~öll, eða~~
~~yfirmenn þeirra~~, ~~og svo hvert annað skip, er hjer~~ bæði hinum áminnztu og öðrum, verði
~~leitar hafnar~~, sem ~~og~~ ekki eru eign ríkisins, greitt
hafnargjald ~~nú og framvegis~~, beint eptir
því, sem á kveðið er í tjeðum taxta frá
innanríkisráðherranum.

2. Það gefur hverjum að skilja, hversu
mikilli níðslu og sliti vatnsból bæjarins
hafi orðið fyrir á þessu sumri af jafn-
mörgum og jafnfjölmennum skipum,
sem þeim, er hjer hafa legið í sumar, og
~~sumum~~ um lengri tíma, t. a. m. frakkneska
herskipið Artémise, sem hjer er nú þegar
búið að vera innan hafnar með alla
sína skipshöfn tvo mánuðum skiptir;
en alls hafa hjer legið á höfninni síðan
um byrjun þ. m. 5 fjölskipuð útlend skip,
er öll hafa notað svo að segja daglega
vatnsból bæjarins og þörtað þau í þrot,
og þó einkum það vatnsbólið, við prentsmiðj-
una, er flestir bæjarmenn sækja til. Vjer
getum nú með engu móti sjeð nje skilið,
að bænum geti gjörzt að skyldu, að við
halda vatnsbólum sínum og fjölga með
ærnum kostnaði og tilfinnanlegum álögum
á bæjarbúa, til þess að útlendir menn
megi níða þau og þrautlæma, án nokkurs
endurgjalds fyrir þessa áníðslu, ~~og~~ en það
virðist liggja í augum uppi, að bærinn
hvorki er skyldur til nje megnar að rísa
undir slíku, hversu mörg herskip
sem hjer vækti að, og hversu lengi sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þau leggju hjer, ~~nje heldur að~~ og notuðu vatns-
ból bæjarins, nje heldur að útlendir menn geti
ætlast til slíks, þar sem vatnsbólin eru
kostnaðarsöm mannaverk, og heimta ár-
legan tilkostnað. Oss getur eigi heldur betur
virzt, en að stjórnin sjálf hafi lýst því yfir
að hún ætlist eigi til slíkrar hlífðar við
útlend herskip, þar sem þau í hafnar-
tortanum alls eigi eru undan þegin
hafnargjaldinu, heldur en ~~önnur~~ kaup-
skip. Allt hið sama má og segja um böiur
þær, er bærinn hefur látið kaupa og leggja
út, að þær heimta ærinn kostnað, og enda
þótt sá kostnaður eigi ~~verði~~ sje ætlast til
að borgaður verði úr bæjarsjóðnum sjálf-
um, stendur hann þó í ábyrgð fyrir
honum.

Nú kynni það að vera, að stjórnin
sjálf fyrir tilhlutun yðar, herra bæjarfó-
geti, eður stiptamtmannsins vildi heldur
bæta bæjarsjóðnum gjald það, er honum
ber af hinum umræddu skipum, úr kon-
ungssjóði eða öðrum opinberum sjóði, en
að krefja þess af útlendum herskipum,
og mætti bæjarsjóðnum koma það fyrir
eitt, en bærinn verður að fá sitt, og verðum
vjer því að æskja þess af yður, að þjer annað-
hvort krefjið gjald þetta af skipstjórum hinna
útlendu herskipa og annara skipa, eður biðjið
stjórnina annaðhvort að hlutast til um,
að hlutaðeigendur greiði gjöld ~~þetta~~ þessi,
hafnargjald og vatnspeninga, eða bæjar-
sjóðnum verði greidd þau úr konungssjóði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur. | 1856. |
|---|---|
| | 3. Bæði í fyrra, og eins í ár, hefur herforinginn Demas haft með sjer frá Frakklandi tilbúnar kolavörpur, og hafa skipverjar hans iðulega dregið þær á fyrir kola og annað smáfiski hjer fyrir allri strönd hafnarinnar og upp í landsteinunum, án þess, að hann hafi leitað leyfis til þess hjá neinum eða goldið neitt fyrir. Nú mætti þetta, ef til vildi virðast skaðlítið í sjálfu sjer fyrir bæjarmenn, þar sem svo fáir nota sjer þá smáfiskaveiði, er hjer ræðir um. En hjer er þó gengið á eignarrjett bæjarins, því að ~~bærinn einn verður að~~ ~~útlendir menn og utanríkismenn geta alls engan rjett haft til þessarar veiðar, heldur bæjarbúar~~, enda mættu þessar veiðar verða að eigi alllitlum hagnaði fyrir þá bæjarbúa, er vildu nota sjer ~~hann~~ þær. Vjer felum yður nú á vald, hvort þjer viljið fara fram á við herra Demas, að hann greiði nokkra þóknun til bæjarsjóðs fyrir þessa veiði sína hjer í ár, og það álítum vjer þó rjettast; en hitt verðum vjer að skora á yður um, að ~~sjeo það~~ sjá um, að slíkt eigi sjer ekki stað framvegis, að Frakkar eða hverjir sem helzt aðrir útlendingar, veiði hjer leyfislaust og endurgjaldslaust með vörpum eða öðrum slíkum veiðarfærum með fram strönd hafnarinnar, og að þjer ~~látið hann~~ gjörið herra Demas varan við það. |
| | Skylduð þjer á mót von vorri þykjast hafa einhverjar ástæður ~~gegn~~ til eigi að framfylgja áskorun vorri um þessi mál, vonumst vjer, að þjer sem allrafyrst skýrið oss frá þeim. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokins verðum vjer að láta þá von vora í ljósi, að þjer vilduð svo vel gjöra, og skýra oss frá, hvað yður verður ágengt um þessi mál.

Nr. 53

26. júlím. Til bæjarfógeta.

Þjer hafið, herra kanselíráð, sent oss brjef Stiptamtmannsins til bæjarstjórnarinnar með fylgiskjölum, er risið er út af því, að sá í stjórninni ytra, er rannsaka á reikninga latínuskólans hjer á landi, hefur efast um, að bæjarstjórnin hefði rjett til, að jafna bæjarútgjöldum á byggingar skólans, og hafið þjer beiðzt álits vors um málefni þetta.

Um leið og vjer nú endursendum yður fyrtjeð fylgiskjöl, skulum vjer segja álit vort um málefnið sjálft í fáum orðum, en vjer viljum með öllu leiða fram hjá oss, að svara því, er reikningsskoðarinn virðist bera bæjarstjórninni á brýn, því hún hafi ekki jafnað bæjargjöldum og niður á kirkjuna, úr því hún þó hafi jafnað ~~niður~~ þeim niður á skólahúsið; því að bæði er þetta gripið úr loptinu, og málefninu sjálfu með öllu óviðkomandi.

Það virðist þá, sem reikningsskoðarinn byggi það álit sitt, að ekki eigi að jafna niður bæjargjöldum á skólahúsið einkum á þeim tveimur ástæðum, 1o að þeim sje ekki jafnað niður á kirkjuna, og 2o að skólans byggingar sjeu ekki kaupstaðarbyggingar (Kjöbstadbygninger), þar eð þær eigi sjeu eign kaupstaðarins (Kjöbstadens Eiendom), og bærinn því hafi eigi varið fje til að byggja þær, nje verji til viðurhalds þeirra. En hvað nú hina fyrrnefndu ástæðuna snertir, þá er það auðsjeð, að það getur enginn rjettur byggzt á því fyrir skólahúsið, til að sleppa hjá sínum útgjöldum, þó þeim ekki hafi verið jafnað niður á kirkjuna, og hvað hina síðarnefndu ástæðuna snertir, að skóla-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsið eigi eptir § 19 í tilsk. 27. novemb. 1846 að vera
laust við öll bæjargjöld, af því það sje ekki eign
bæjarins, þá er þessi skoðun víst byggð á
tómum misskilningi á löggjöfinni, og því,
hvernig hjer hagar til. Orðið "Kaupstaðar-
bygging" getur á áminnstum stað engan
veginn þýtt eingöngu byggingar þær, er
kaupstaðurinn á; því að kaupstaðurinn á
sjálfur engar byggingar, og hefur aldrei
átt, eins og hjer og hvorki hafa verið byggð
hús á bæjarins kostnað nje viðhaldið; svo
það er auðsjeð, að löggjafinn hjer alls ekki
getur hafa verið, að talað um hús, er hann
mátti vita að hjer hvorki höfðu verið til,
nje þá voru til, og viljað að 1/3 parturinn
af hinum eiginlegu bæjar~~ins~~gjöldum
skyldu berast af þeim, og þar að ~~meðal~~ auki
jafnast niður á þau, eptir þeirri reglu,
er menn ~~hefðu~~ þangað til í því hefðu fylgt.
Það er þannig auðsjeð, að það tjáir
hjer engan veginn að taka orðið "Kaupstaðar-
byggingar" að eins um þau hús, er kaup-
staðurinn á; því að menn gjörðu þá
hina áminnztu ákvörðun ekki að eins
þýðingarlausa, heldur og jafnvel hlægilega,
er menn þó engan rjett hafa til. Orðið Kaup-
staðarbygging getur og vel eptir venjulegu
máli þýtt byggingu þá, er í kaupstaðnum
stendur, án tillits til þess, hver eigandi
hennar er, eða hver hefur látið byggja hana
og viðheldur henni; sbr. orðin: Kjöbstadjord,
Landsted, og ótal fleiri áþekk orð; en
auk þessa hefur löggjafinn sjálfur í § 4 í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í tilskipuninni sagt þar taka orðið "kaupstaðarhús" um öll timburhús eður múrhús, er í bænum eður á lóð hans standa, og það er alls engin ástæða til að álíta, að hann hafi síðan í § 19 haft orðið í annari þýðingu, og það því síður, sem það eru auðsjáanlega samkyns hús, sem löggjafinn í § 19 hefur viljað binda við skylduna til að taka þátt í bæjargjöldunum, og hann í § 4 hefur bundið rjettinn við, til að eiga afskipti af málefnum bæjarins, og um þetta sannfærast menn allt enn fremur, þegar menn gæta ~~að því~~ þess, að áður, en tilskipunin kom út, jöfnuðu menn ~~niður~~ parti af bæjargjöldunum niður á múr- og timburhúsin hjer, án tillits til þess, hver eigandi þeirra var, eptir vissri reglu, og það er þessi reglan, er löggjafinn í § 19 vill að viðhaldist, um leið og hann tiltekur, hve stóran hluti það skuli vera, nefnilega ⅓ hluti, er koma skuli á húsunum. Auk alls þessa, er þess að gæta, að bærinn hefur lagt skólanum eigi alllitla lóð af ræktuðu landi sínu, sem hann áður tók árlega leigu af.

Vjer verðum þannig eptir hinu fyrtjeða að álíta, að fullkominn rjettur sje til, að jafna bæjargjöldum niður á skólans byggingar eptir § 19 í tilsk. 27. d. nóvembersm. 1846.

~~[illegible]~~ JG. Th.J. J.G.

## Nr. 54.

26. d. júlí. Til bæjarfógetans.

Þjer hafið, herra kansellíráð, óskað álits vors, samkvæmt brjefi stiptamtmannsins 24. apríl þ. á., um það, hvort rjettur mundi vera til, að leggja bæjargjald á yfirrjettarhúsið og stiptamtmannshúsið.

Vjer leyfum oss nú með öllu, að skýrskota til annars brjefs vors í dag (um bæjargjald á skólann) hvað yfirrjettarhúsið snertir; því oss virðist, að allar hinar sömu ástæður mæli fyrir því, að eins sje rjett að leggja bæjargjald á það, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagar. | |
|---|---|
| | á skólahúsið; en hvað stiptamtmannshúsið snertir, þá er það að vísu satt, að nokkuð öðruvísi stendur á með það, þar ed það stendur á Arnarhólslóð; en vjer verðum samt að vera þeirrar skoðunar, að rjett muni og vera, að leggja á það bæjargjald; því að bæði er það, að tilskipuninni sýnist orðið bær munstaðar vera haft um alla húsaþyrpinguna, án tillits til þess, hver eigandi sje lóðar ~~innar~~ þeirrar, er þau standa á, og stiptamtmannshúsið því hljóti að innibindast meðal húsa þeirra, sem nefnd eru í § 4, og sem skyldan, að taka þátt í bæjargjöldunum, hvílir á, og einnig virðist oss ljóst af hinum eldri niðurjöfnunum bæjargjaldanna, að jafnað væri á stiptamtmannshúsið, áður en tilskipunin kom út, og höldum því, að eptir § 19. sje ekki næg ástæða til nú að hætta við þessa reglu. Líka hefur verið jafnað niður á önnur bæjargjaldi mótmælalaust timburhús, er standa á lóð annarajarða hjer í lögsagnarumdæminu. ~~[illegible]~~ |
| 26. júlí<br>avísun. | Nr. 55.<br>Hjer með ávísast úr bæjarsjóði, samkvæmt III í áætluninni, Þorláki Pjeturssyni 20 rdd. fyrir viðgjörð hans á Skólavörðuveginum.<br>V. A. Thorsteinson. J. Guðmundsson. Þ. Jónsson. J. Pjetursson. |
| 26. júlí.<br>Til bæjarfogetans. | Nr. 56.<br>Hjer með læt jeg yður vita, herra kansellíráð, að tómthúsmannafulltrúanum, Jóni Þórðarsyni hefur verið falin á hendur umsjón með bæjarverkum um ágústmánuð, sem í hönd fer.<br>V. A. Thorsteinson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Nr. 57.

Á síðasta fundi fulltrúanna kom þeim saman um, að nauðsynlegt væri fyrir þá við ýmis tækifæri, að hafa við höndina lista yfir bæjartúnin, þannig lagaðan, að af honum mætti sjá, hve-nær hver túnspartur hefði síðast verið leigður, og með hvaða skilmálum, og hve nær leigutíminn væri útrunninn; og þessa vegna leyfi jeg mjer nú, fyrir hönd fulltrúanna, að biðja yður að gefa oss upplýsingar allar um þetta mál, sem þjer getið. — 26. júlí. Til bæjarfógetans.

H.Kr. Friðriksson

## Nr. 58.

Þjer hafið, herra kansellíráð, með brjefi yðar 11. júlí þ.á., sent oss brjef stiptsyfirvaldanna 6. júní þ.á., um afhendingu byggingarbrjefsins fyrir Hlíðarhúsunum, þar sem þau segja, að það mundi eins árangurslaust fyrir sig ~~með brjefi þeirra 6. febrúar~~ og fyrir, að gefa Helgafellsprestinum skipun um það að nýju, og þeim þykki því hið eina ráðið að lögsækja Helgafellsprestinn til afhendingar byggingarbrjefsins. — 26. júlí. Til bæjarfóg.

Vjer höfum vandlega íhugað þetta mál og rætt það á fundi með oss, og erum vjer yður samdóma í því, að betra væri, ef þess væri kostur, að komast hjá að leggja málið undir dómstólana, og úr því þjer álítið, að málefninu geti orðið framgengt á annan hátt, þá viljum vjer og ganga þann veg, og felum yður á hendur, að leita aðstoðar hjá stjórninni, til að fá framgengt konungsúrskurðinum 24. febrúar 1835 og úrskurði stiptsyfirvaldanna 16. febrúar 1855.

Skjölin fylgja hjer með aptur.

H.Kr. J. Guðm. M. Jónsson. Jón Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánaðardagur | 1856.

## Nr 59.

9. d. ágústm.
Til bæjarfógetans.

Yður mun það vera kunnugt, herra kanselli-ráð, eins og oss, að það hefur lengi leikið á kvittur á, að þeir, sem fengju bakaranum hjer í bænum, herra D. Bernhöft, mjöl til að baka úr brauð, fengju eigi eins mikið brauð, og þeir að rjettu lagi ættu að fá; enda þykjast þeir, sem sjálfir baka brauð sín, fá meira brauð úr 12 ℔ af mjöli, en velnefndur bakari lætur menn fá. Enda þótt oss virðist, að full ástæða hefði verið til fyrir lögreglustjórana hjer í bænum, að komast fyrir sannleikann í þessu efni, vitum vjer þó eigi til, að þeir hafi neitt gjört til þess enn þá, og þykir oss því skylda vor, að skerast í þetta mál; því oss virðist það óþolandi, ef svo skyldi reynast, að menn fengju eigi eins mikið brauð frá bakaranum úr mjöltunnu hverri, eins og þeir ættu að fá, eins og oss á hinn bóginn virðist það skylda bæjarstjórnarinnar, að laga ranga ímyndun bæjarmanna, ef bakarinn er hafður fyrir rangri sök; og því leyfum vjer oss, að skora ~~á skora~~ á yður um, að þjer nú með póstskipinu vildið skrifa til "Bagerlauget" í Kaupmannahöfn með fyrirspurn um, hversu mörg pund af siðvanalegu ofnbrauði fáist úr 12 ℔ af mjöli úr þurrkuðu rúgi.

MKtr. J. Guðmundsson. Th. Johnsen. J. Þórðarson

## Nr. 60.

6. d. septemb. Til bæjarfógetans.

Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð að herra lögfræðingur Jón Guðmundsson hefir tekist á hendur að hafa umsjón með þeim verkum, sem gjörð kunna að verða á kostnað bæjarsjóðs í þessum mánuði.

H.Kr.Friðriksson.

## Nr. 61.

29. sept. Til bæjarfóg.

Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð, að herra kaupmaður Th. Johnsen hefur tekist á hendur umsjónina með þeim verkum, sem gjörð kunna að verða á kostnað bæjarsjóðs í októbermánuði, sem nú fer í hönd.

H.Kr.Fr.

## Nr. 62.

s. d. Til bæjarfóg.

Með brjefi yðar dags. 18. þ. m. hafið þjer herra kanselíráð, sent oss brjef frá Jóni Jónssyni á Rauðará, dags. 10. þ. m., þar sem hann beiðist helmings gjalds þess, sem hinir ensku hrossakaupmenn guldu fyrir hagbeit, er þeir voru hjer síðast, og sem þjer segið að hafi verið 1 rd. 48 skk. og ber hann það fyrir, að hestarnir hafi gengið eins mikið í Rauðarárlandi og Reykjavíkur, og beiðist þjer álits vors um þetta mál.

Vjer höfum íhugað þetta mál og rætt það með oss á fundi, og er það álit vort, að enda þótt nefndur Jón enga sönnun hafi komið með fyrir því, að hestarnir hafi gengið í Rauðarárlandi, sje þó eigi beinlínis ástæða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur | 1856 |
|---|---|
| | til að rengja sögusögn hans, og virðist oss því rjettast, með fram til að komast hjá öllu þrasi, að láta nefndum Jóni eptir þriðjunginn af borguninni eða 48 skk. |
| | Skjölin sendast hjer með aptur. |
| | ~~M~~ Fr. J. Gudmundsson. Th. Johnsen. J. Pjetursson. |

## Nr. 63.

| Mánaðardagur | |
|---|---|
| 29. sept. F Til bæjarfóg. | Með brjefi yðar dagsettu 24. d. ~~sept.~~ þ. m. hafið þjer, herra kanselíráð, sent oss brjef frá Jóni Ólafssyni tómthúsmanni, dags. 22. þ. m., þar sem hann býðst til, að búa til götu þá, sem ~~þeirrar hefur verið byggja~~ í áformi er að búa til frá pakkhúshorni kaupm. Sib. Jakobsens, og upp að Hákots-kálgarði, fyrir fimmtán ríkisdali, og fái hann verkfæri bæjarins okeypis, og megi taka ofaníburðinn úr tjörnunni, þar sem kallað er Gróf, og beiðizt þjer álits fulltrúanna um þetta tilboð. |
| | Vjer höfum íhugað þetta mál og rætt það á fundi með oss, og var það sameiginlegt álit vort, að ganga rétti að þessu boði, með því gatan mundi eigi fást gjörð fyrir minna verð; einn þótti oss það sjálfsagt, að hann ætti að fá kauplaust verktól bæjarins til nótkunar við þetta verk, þau er hann þyrfti við; en hitt þótti oss ókleyfandi að taka uppfyllinguna í götuna í hinni svo kallaðri Gróf, allra helzt ofarlega, með því kambinum væri þá hætta búin af sjávarróti; heldur yrði hann að taka uppfyllinguna, þar sem bæjarstjórnin kæmi sjer saman um að hentugast væri, og þó sem næst |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

  

að yrði, en að minnsta kosti flytja mönnum úr gryfjunni við kirkjugarðsveginn eftir lagið, svo þykkt, sem bæjarstjórninni þætti nauðsyn á. Með götu tilbúningnum fylgir og, að hann búi til ræsi, eða lagi það sem er, yfir þvera götuna á ská rjett við hornið á pakkhúsi kaupmanns Jakobsens. Hann verður og að byrja verk þetta sem fyrst, og halda því áfram stöðugt, svo að hann ~~[illegible]~~ ætíð undirstöðu, (hafa lagt) áður en frost ~~[illegible]~~ að koma til muna. Brjefið fylgir hjer með aptur.

Wkr. J. Guðmundsson. Th. Johnsen. J. Pjetursson.

## Nr. 64.

29. september. Til bæjarfógeta.

Í brjefi yðar 18. d. þ. m. hafið þjer, herra kanselíráð, beiðst álits fulltrúanna um það, hvort undirboðsþing á snjómokstri og klakahöggi hjer í bænum í vetur ætti að haldast eptir sömu skilmálum og við hafðir voru í fyrra, og hvort bjóða ætti upp verk þetta fyrir næsta vetur að eins, eða um fleiri ár í senn.

Vjer höfum íhugað mál þetta og rætt það á fundi með oss, og kom oss saman um, að hafa skilmálana að öllu öðru óbreytta en því, að með klakahögginu í rennunum bæjarins ætti að fylgja hreinsun á rennunum öllum upp frá þeim degi, að boðið væri sampykkt, eins og þær þá væru, og ætti þá líka sá, sem boðið gjörði, að taka burtu allan grasvörð bæði úr rennunum sjálfum og rennubörmunum; ætti þessi viðauki að setjast inn í 1. gr. a. Rjettast finnst oss og, að bjóða þetta verk upp um 1 ár að eins en eigi fleiri í senn.

Wkr. J. Guðm. Th. Johnsen. J. Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Mánaðardagur. | 1856 |
|---|---|
| 29. d. Sept. Til bæjarfógeta. | Nr. 65. |

I brjefi yðar dags. 18. þ. m. hafið þjer herra kansellíráð, skýrt oss frá, að austur frá ~~A~~ húsi því, sem Madme Bagge hefur í búð, hafi komið fram allmikil bleyta á Austurstræti, og látið jafnframt það álit yðar í ljósi, að bezt mundi vera, að bera ofaní götu þessa stóra möl. Í sama brjefi yðar getið þjer þess, að prófessor P. Pjetursson hafi óskað þess, að settir yrðu afvísarar hjá horninu á húsi hans á götunni upp að kirkjunni, með því ferðamenn ríði svo nærri húsinu opt og tíðum, að baggar rekist í húsið, og sömuleiðis, að nefnd gata ~~a~~ yrði hækkuð upp, og beiðist þjer álits vors um þessi mál.

Vjer höfum vandlega íhugað bæði þessi mál, og rætt þau á fundi með oss, og er það sameiginlegt álit vort, sem hjer ritum nöfn vor undir, um viðgjörðina á Austurstræti að fallast á álit yðar, að láta bera ofan í hana hæfilega stóra möl, en sem engir stórir steinar mega í vera, og þó eigi mjög þykkt lag; en eigi virðist oss þörf á að moka strætið á undan. En um hið síðara ~~[illegible]~~ atriði brjefs yðar, þá er það að ~~skilja~~ segja, að vjer eigi getum skilið í, hvers[illegible] afvísarar ~~gætu~~ aptrað hestaumferð meðfram hinu umrædda húsi, ~~því að voru áliti yrði það að vera skíðgarður, er slíkt ætti að gjöra að verkum, og mundi þá~~ nema því að eins, að þeir annaðhvort væru svo þjettir, eða það væri skíðgarður, að gatan með öllu tekin af, og á það getum vjer eigi fallizt að svo stöddu; enda getur sú skylda eigi legið á bæjarsjóðnum, að búa til skíðgarða kring um ~~að~~ hús ~~einstakra~~ manna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

 



Eigi getur oss heldur virzt nein þörf á, að hækka götuna uppí, því að hún er að minnsta korti eins há og Aðalstræti; svo ef nokkuð skyldi gjöra þá væri það það, að búa til ræsi af úr tregðinni við vesturgafl húsins og út í ræsi það, sem liggur eptir Austurstræti.

M. Fridr. J. Gudmundsson. Th. Johnsen. J. Petersson.

## Nr. 66

29. d. septemb.

Til Hann. Erlendss.

Í brjefi yðar til bæjarstjórnarinnar, dags. 17. þ. m., hafið þjer beiðzt þess að bæjarstjórnin útvegaði yður túnblett þann, ~~til~~ sem er í kringum bæ yðar, annaðhvort til kaups og fullkominnar eignar, eða þá, ef það eigi getur orðið, til erfðafestu fyrir yður og börn yðar.

Enda þótt vjer eigi getum lofað yður því, að þjer skuluð fá túnblett þennan keyptan, með því það er eigi á voru valdi, viljum vjer þó, áður en vjer gjörum frekara við þetta mál, spyrja yður, hvort þjer vildud heldur kjósa, að vjer legðum meðmæli vor til, að þjer ~~fengjuð~~ túnblettinn keyptan, gegn því, að ~~innstæðan~~ söluverðið stæði óborgað, en ~~þa~~ þjer, og hver eigandi túnblettsins eptir yður borgaði bæjarsjóð árlega 6 rdd. eða að þjer fengjuð erfðafestu á túninu fyrir yður og börn yðar gegn 4 rdd. árlegu eptirgjaldi.

M. Fridriksson. J. Gudmundsson. Th. Johnsen. J. Petersson.

## Nr. 67.

8. d. nóvemberm.

Til bæjarfógetans.

Í heiðruðu brjefi yðar. 18. septembermán. seinastl. báðuð þjer, herra ~~herra~~ kanselíráð, oss, að segja yður álit vort um bón Hannesar skósmiðs Erlendssonar frá 17. s. m., að hann mætti fá til kaups túnblett þann, er liggur í kring

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1856.

um bæ hans, er á Mel kallast, eða þá til lífsfestu fyrir
sig og börn sín móti því söluverði, er svaraði 3–4 rdd.
árlegri leigu. Af því oss þótti þessi beiðni Hannesar
nokkuð ógreinilega orðuð, og óvíst, hvort vjer skild-
um hana rjett, rituðum vjer honum, og spurð-
um hann nákvæmar um meiningu hans,
og hvort hann eigi vildi gjalda meira eptir
túnið, ef hann fengi það til eignar. Upp á
þetta höfum vjer nú fengið frá honum
hjálagt svar frá 4. f. m. Af svari þessu sjest,
eins og hann líka munnlega hefur sagt nokkrum
af oss, að hann ~~megi~~ vill fá áminnstan túnblett
til kaups og fullkominnar eignar gegn 125
rdd. r.s. án þess þó að greiða út í hönd
kaupverðið fyrir hann, heldur á móti því, að
hann (eða hver) annar eigandi túnsins eptir hann gjaldi
bænum hjer árlega leigu af söluverðinu, 4 af
hundraði, eða alls 5 rdd. Oss virðist því þetta
nokkuð áþekkt því, sem sumir nefna "lífsfestu
með eignarrjetti", en þó mismunandi í því, að
ekkert aukagjald verður goldið við eiganda-
skipti, og líkist því afgjaldið meira "jarðartíund"
eður þó helzt "jörðskyld", sem svo er kallað, er
greiðist af sumum jörðum til vissra stofnana,
og sem á einstaka jörðum mun eiga sjer stað,
til eiganda vissra jarða. Hinn umræddi tún-
blettur er liðug 1½ dagslátta á stærð; er mikið af
honum enn lítt ræktað, og mikið við hann
enn að gjöra, til þess hann geti orðið að al-
mennilegu túni, og mun af og á frá fást ~~meira~~ af honum
~~nú sem stendur~~ eins og hann er nú í hverju meðalgrasári, meira en 8–9 hestar
af ljelegri töðu; hann er fyrst upptekinn til rækt-
unar af Þorsteini nokkrum Eyjólfssyni, er átti að
borga eptir hann, meðan hann lifði, 1 rd. árlega
til bæjarins; en Þorsteinn þessi hefur síðan selt
Hannesi bæ sinn ásamt notkunarrjetti túnblettsins;
hefur Hannes þegar ~~mikið~~ ræktað blettinn
nokkuð út, og umgirt hann að sumu leyti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er nú að vera venja hjer ~~í bænum~~ á túnum
þeim, er einstakir menn eiga hjer í bænum, að
leygja kýrgrasið eður blett þann, er gefur af sjer
40 hesta töðu fyrir 20 rdd. um árið, og ætti eptir
því blettur þessi, ef einstakir menn ættu hann, að
geta leigst fyrir allt að 5 rdd. um árið, þótt við
það sje þess gætandi, að hey það, sem af honum
fæst, ekki getur verið eins gott og af velræktuðu
túni; vjer stingum því upp á því við Hannes,
að hann, til þess að geta fengið eignarrjett yfir
blettinum, yrði að ~~hafa~~ gjalda svo sem 6 rdd. árlega eptir
hann; en þetta hefur hann álítið frágangssök, og
ekki viljað gjalda meira eptir hann, en 5 rdd.
árlega, sem fyr er sagt. — Þegar vjer nú samt gætum
að því, að grasið af fyrtjeðum bletti er ljelegt, að
tún ~~einstakra manna~~ bæjarins ekki leigjast nærri
því eins vel og einstakra manna, að ekki er að
vænta nema 1 rds. leigu af bletti þessum fyrst
um sinn, ef boði þessu nú væri hafnað, þar
~~aldrei verður~~ ed ógjörandi er, að höfða mál
gegn Hannesi til að taka af honum blettinn
eða til að hækka leiguna eptir hann, með-
an Þorsteinn lifir, þótt það kynni að mega
álítast óvíst, hvort Hannesi beri rjettur til að
hafa blettinn fyrir þennan leigumála, ein-
ungis meðan Þorsteinn lifir, og þegar hjer
við bætist, að búast má við því, eptir því
sem gengur með ræktun hinna annara
túna bæjarins, er þó betur þola órækt, en þessi
blettur, sem allur er ræktaður á tómum
mel, að hann að nokkrum árum liðnum,
ef hann verður leigður út einstökum mönnum,
upp á viss ár, komist í mestu niðurníðslu,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

girðingarnar um hann falli, og hann verði aptur að óræktuðum mel, er ekkert fáist eptir, þá getum vjer eigi álitið annað, en að það væri bænum til talsverðs skaða, að hafna þessu boði. Það er einnig mikið áríðandi fyrir bæinn, sem hefur svo mikla landeign óræktaða, en marga fátæka menn, er hafa lítið fyrir sig að leggja, að ~~leggja~~ gefa þeim kost á, að geta eignast bletti þá, er þeir geta ræktað, því að án þess er ekki að búast við, að geta komið þessu víðlendi í rækt; en þar eð þó allur fjöldi manna hjer er svo fátækur, að fáir eru færir um að leggja út mikið kaupverð, auk kostnaðar þess, er ræktunin krefur, en bænum þó á hinn bóginn verður að fá sem mest fyrir landareign sína, án þess þó að krefjast svo hárrar borgunar, að það verði ræktun landsins til fyrirstöðu, þá flýtur beinlínis af því, að bezt verður, að selja út smábletti gegn árlegu eptirgjaldi til bæjarins; því að með því geta sem flestir orðið færir um, að kaupa blettina, og bjóða í þá, og bærinn við það, að margir bjóðast kaupendur að hverjum bletti, líka haft mest upp úr þeim. – Auk þessa alls má og geta þess, að hinn umræddi blettur, er því nær á allar hliðar umkringdur af eignum einstakra manna, svo að bænum getur aldrei orðið neinn óhagnaður að því, að hafa hann eigi ráð. Af öllum ~~fyrir~~ töldum ástæðum viljum vjer því bæjarins vegna kröptuglega styðja að því, að beiðandinn megi fá hinn umrædda blett til eignar, móti því, að hann eða hverr annar eigandi blettsins gjaldi bænum eptir hann á ári hverju 5 rd.

Fylgiskjalið sendist hjer með aptur.

Akt. Jón Guðm. Jón Þórðarson J. Sjetursen

Nr 68.

8. d. nóvembrm.
Til bæjarfógeta.

Með brjefi dags. 11. þ. m. hafið þjer, herra kanselíráð, sent oss bæjarfulltrúunum brjef hattasmiðs E. Hákonarsonar, þar sem hann fer þess á leit við bæjarstjórnina, að hún veiti honum úr bæjarsjóði þóknun nokkra fyrir það, að hann hefur rifið og numið í burtu inngönguskúrinn, er stóð við norðurgaflinn á húsi hans og tók fram í Brattagötu, og að hann með þessu móti hafi bæði numið í burt bæjarlýti, og gert þessa götu rýmri.

Vjer, fulltrúarnir, sem hjer ritum nöfn vor undir, höfum íhugað þetta mál og rætt það vandlega með oss á fundi, og verður álit vort um það á þessa leið.

Vjer berum eigi á móti því, að bæði hafi verið lýti að skúr og óþokkaskapur nokkur, með því þaðan var bæði aðalvegur frá húsinu, sem helst var í öllum vanalegum hús óþverra, þarna rjett á gatnamótunum, Aðalstrætis og Brattagötu, en þessi óþverra getur nú miklu síður, þegar eldhúsútgangurinn er vestan á húsinu, út til garðsins, og sömuleiðis er óneitanlegt, að austurendi Brattagötu er miklu rýmri eptir en áður, og hægra fyrir það, að umbæta hana þeim megin. En allt fyrir það þykir oss engin ástæða til að borga burtnumninguna bæjarlýtis, ef bærinn engan annan hagnað hefur af því. En með því brattagata þarf bráðrar aðgjörðar við upp úr gegn, en þessi aðgjörð verður að vorn áliti eigi viðkomið til hlýtar, nema því að eins, að gatan upp úr gegn verði breikkuð að því skapi, sem húsasundið milli No 8 og 9 í Aðalstræti ræður, en þessi breikkun getur eigi átt sjer stað á öðrum kosti en þeim, að af beiðandanum E. Hákonarsyni sje keypt rúm af garði hans

að sumu ánverði, svo að gatan uppúr yrði jafnbreið því, sem hún er nú í austurendanum, þá viljum vjer fela yður, herra kanselíráð að semja við nefndan E. Hákonarson um þessi kaup með sanngjörnum og aðgengilegum kjörum, er vjer þó vildum fá færi á að segja um álit vort, og síðan fullgjöra sem fyrst, og sje þá E. Hákonarson eigi erfiður í þessum kaupum, virðist oss sanngjarnt, að hann fengi hæfilega þóknun fyrir lóðina undir tjeðum ***, og starfa hans að rífa hann í burtu.

## № 69

Til Bæjarfógetans d. 22. November

Í heiðruðu brjefi yðar (herra C.) frá 8. þ. m. hafið þjer herra Cancelliráð tjáð oss, að biskupinum hafi farið þess á leit við yður, að bæjarstjórnin, er látið hefir grafa grifjur þær, sem eru hjá húsi hans, vildi tjá honum vagna bæjarins ókeypis, til að aka skarni á flór sínum og fylla þær með. —

Jafnvel þó vér nú ekki getum fundið, að hin minsta skylda geti legið á bæjarstjórninni að létta biskupinum áminnst erfiði, þó hún hafi látið grafa áminnstar grafir hjá húsi hans, þá höfum vér samt að voru leiti ekki móti því, að honum fyrst um sinn verði léðir léigulaust vagnarnir í áminnstu skyni, þegar bærinn sjálfur ekki þarf á þeim að halda, en með því skilyrði, að biskupinn ábyrgist allar skemdir á þeim. —

## № 70

Til sama, sama dag

Þér hafið herra Cancelliráð mælst til þess í bréfi 15. þ. m. að Magnúsi Þorkelssyni verði ávísaður úr bæjarsjóði 1rd fyrir það, að hann, eptir fyrirmælum yðrum, vakti ásamt með öðrum manni aðfaranóttina 20ta sept. þ. á., til að gjæta að því, að ekki brytist aptur út eldur í geymsluhúsi verslunarmanns H. Hansens, er þar hafði komið upp um kvöldið, en tekist að slökkva. — Vér getum nú engan veginn álitið, að slík gjöld, sem þetta, hvíli á bæjarsjóðnum, heldur að húseigandur sjálfir sé skyldir verði se bein skylda eiganda sjálfs, þó höfum vér í þetta skipti vegna málavaxta, ekki móti því, að áminnstr ríkisdalur verði greiddur úr bæjarsjóði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## № 71.

Til Bæjarfógeta
22. Nov.

Þjer hafið tjáð oss munnlega, að á síðasta undirboðsþingi hafi Jón tómthúsmaðr Þórdarson á Bjargi boðist til að takast á hendur snjómokstur á kirkjubrúnni fyrir 15rd; en vegna ýmsra ástæðna getum vjer þó eigi samþykkt boð þetta, og álítum best að bjóða eigi upp á minnstan snjómokstur aptur að svo stöddu.—

## Nr. 72.

Til bæjarfóg.
5. desemb.

Hjer með læt jeg yður vita, herra bæjarfógeti, að tómthúsmannafulltrúi Jón Þórdarson hefur tekist á hendur umsjón með verkum þeim, sem kunna að verða gjörð á kostnað bæjarsjóðs þennan mánuð.
~~Mtr~~ Fridriksson

---

## Nr. 73.

5. ~~desemb~~ desemb.
Til bæjarfógeta

Með brjefi yðar dags. 26. nóvember þ. á. hafið þjer herra kanselíráð, sent oss brjef tómthúsmanns Jóns Þórdarsonar á Steinsholti, dags. 20. d. s. m., þar sem nefndur Jón býðst til, að takast á hendur snjómokstur á kirkjubrúnni, og þeim vegum, sem þar til heyra fyrir 12 rdd. til næstu vordaga, og beiðist þjer álits fulltrúanna um þetta tilboð.

Vjer höfum íhugað þetta mál, og rætt það með oss á fundi, og varð það ~~að vera~~ álit vort, að reyndar væri þessi borgun æði há, en úr því eigi hefur verið auðið að fá lægra boð, þykir oss ísjárvert, að hafna ~~því~~ þessu boði; því að bæði er það næsta óvíst, að bæjarsjóðnum verði snjómokstur þessi ódýrri, og allra síst, svo að nokkru nemi, ef fá skyldi menn til þess í hvert skipti, og á þyrfti að halda, enda mundi það verða næsta óþægilegt og óhægt, að fá menn til þess á þennan hátt, og sökum þessa viljum vjer fyrir vort leyti ~~taka~~ ganga að boði þessu.

Brjefið sendist yður hjer með aptur.

~~Mtr.~~ J. Gudmundsson. J. Pjetursson. J. Þórdarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Nr. 74.

9. d. desember
Til bæjarfógeta.

Teitur smiður Finnbogason hefur sent oss reikning, að upphæð 7 rdd. 88 skk., er hjer fylgir með, en af þessum 7 rdd. 88 skk. þykir oss eigi ástæða til að ávísa að svo stöddu nema 2 rdd. 88 skk., því að um fyrsta atriðið er það að segja, að sú uppskerpun á meitlum, sem þar er um talað, mun hafa verið í þarfir hafnarnefndarinnar, ~~tt~~ við klöppun á þeim steinum, sem festir voru við baujurnar, og nema því þá 1 rd. 48 skk. eiga að borgast úr hafnarsjóðnum. Um síðasta atriðið er það að segja, að þar eru settir 3 rdd. 3 ß fyrir aðgjörð á sprautu herra kaupmanns Bjerings, og eigi hann sprautuna, sem vjer þó eigi vitum víst, þykir oss óskylt að svo stöddu að borga þá aðgjörð úr bæjarsjóð.

~~HK~~ Friðriksson. J. Guðm. J. Þórðarson. J. Pjetursson.

## Nr. 75.

20. d. desemb.
Til bæjarfóg.

Með brjefi yðar, dagsettu 8. þ. m., hafið þjer, ~~hafi~~ herra kanselíráð, sent oss ~~áætlunarágrip~~ ágrip af áætlun fátækrastjórnarinnar fyrir næsta ár, og hverju miklu aukaútsvari þurfi að jafna á bæjarbúa handa fátækum. Enda þótt oss, er hjer ritum nöfn vor undir, þyki áætlun þessi æðihá, viljum vjer eigi að svo stöddu neita um þetta fje, en vonumst eptir, að þjer gefið oss nægar upplýsingar í þessu málefni, þegar fundur verður haldinn um áætlun á bæjargjöldum yfir höf~~uð~~.

~~HKr.~~ J. Guðm. J. Þórðarson.

## Nr. 76.

s. d.
Til bæjarfóg.

Með brjefi yðar dagsettu 8. þ. m. hafið þjer, herra kanselíráð, sent oss brjef stiptamtmannsins dags. 1. s. m., þar sem hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beiðist álits fulltrúanna um, hvort nokkuð mæli vera á móti því, að hann staðfesti útvísun þá til húsastæðis, sem gjörð var 24. nóv. þ. á. til Prikkara Einars Jónssonar á Stöðlakotstúni.

Í sjálfu sjer getur oss ekkert virst á móti þessari útvísun; en þó viljum vjer leiða athuga yðar að því, hvort túninu er sagt lausu til næstu fardaga; því að sje því eigi sagt lausu, virðist oss, að leiguliðinn hafi heimtingu á skaðabótum, fyrir þann blett, er hann missir við útvísunina; og verður sá, sem húsið reisir, að semja um það við eiganda túnsins, og borga það úr sínum sjóði; því að oss getur eigi virst neinn ástæða til, að leggja þær skaðabætur á bæjarsjóð.

Skjölin sendast hjer með aptur.

~~Mtr.~~ J. Guðm. Th. Johnsen. J. Þórðarson

Nr. 77

8. des.
Til bæjarfog.

Með brjefi yðar 29. nóv. hafið þjer, herra kanselíráð, sent oss brjef Kaupm. M. St. Johnsens, um borgun fyrir viðgjörð á grindunum við Stöðlakotsgryfjuna, 1rd. 60skk.

Vjer viljum eigi liggja í þrætti um þetta lítilræði, með því vjer eigi viljum rengja sögusögn velnefnds kaupmanns, og höfum því ávísað [illegible] í þessu efni; en allt fyrir það viljum vjer láta yður vita, að hann engis endurgjalds framvegis væntir fyrir slíkar viðgjörðir, nema hann segi til þegar, er skemmdirnar verði.

Brjefið og reikningurinn fylgja hjer með aptur.

M. Fridriksson. J. Guðm. Th. Johnsen J. Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Nr. 78.

20. d. desemb.

Þjer hafið, í brjefi yðar, herra kanselíráð, dags. 17. þ. m., beðið um álit fulltrúanna, hvort þeir eigi álitu, eins og þjer, að kaupm. D. Thomsen eigi sem elztur fulltrúi~~anna~~, að víkja frá tjeðri ~~nefnd~~ stöðu, og ný kosning að fram fara núna eptir nýárið, og jafnframt biðjið þjer fulltrúana, að kjósa einn úr sínum flokki, samkvæmt tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, § 9, til að taka þátt í samningu kjörskráarinnar.

Jafnframt og jeg læt yður vita, að fulltrúarnir voru á fundi þeim, er vjer áttum um mál þetta, yður að öllu leyti samdóma um, að velnefndur kaupmaður D. Thomsen ætti, að víkja frá sjálfu sinni nú um nýár, og ný kosning að fram fara (assessor J. Pjetursson kom eigi á fundinn), þá læt jeg yður hjer með vita, að fulltrúarnir kusu herra lögfræðing J. Guðmundsson til að taka þátt í samningu kjörskráarinnar, ásamt yður, og mjer sem oddvita fulltrúanna.

H Kr Friðriksson.

## Nr. 79.

31. desemb.
Til bæjarfógeta.

Hjer með læt jeg yður vita, herra kanselíráð, að herra kaupmaður Th. Johnsen hefur af hálfu fulltrúanna tekizt á hendur umsjón með þeim verkum, sem kunna að verða gjörð á kostnað bæjarsjóðs næstkomandi janúarmánuð. —

~~H Kr Friðriksson.~~

## Nr. 80.

31. desember.
Til bæjarfógeta.

Með brjefi yðar dagsettu 17. þ. m. hafið þjer herra kanselíráð, beðizt álits fulltrúanna, hvort þeir eigi fallist á, að leita samþykkis ~~fulltrúa~~ stiptamtmannsins til að afmá af ~~eptirstöðva~~ skrám

Mánaðardagur.

yfir ógoldin bæjargjöld bæjargjald ýmissa manna er þjer til greinið í bijefi yðar frá árunum 1847–54, samtals 27 rdd. 64 skk.

Vjer höfum íhugað málefni þetta og rætt það með oss á fundi, og erum vjer yður samdóma í því, að rjettast sje, að leita samþykkis stiptamtmannsins til að afmá gjöld þessi af eptirstöðvaskránni, með því þjer hafið gjört tilraunir til, að fá þessa menn til með góðu að borga þessi gjöld, en árangurslaust, því það mundi engan veginn vara kostnaði, að höfða málsókn í gegn þessum mönnum, sem flestir eru langt í burtu, og sumir erlendis, þar sem um svo lítið gjald er að gjöra.+ Brjefið, sem með fylgdi, fylgir hjer með aptur.

~~[illegible]~~ J. Guðmundsson. M. Johnsen. J. Þórðarson.

31. desemb.

Til bæjarfóg.

## Nr. 81.

Með brjefi yðar dagsettu 17. þ. m. hafið þjer, herra kanselíráð sent oss bónarbrjef frá Runólfi Jónssyni í Arabæ, dags. 27. ágústm. í sumar, um eptirgjöf á bæjargjaldi hans þetta árið, 4 rdd. 20 skk., og annað brjef frá Magnúsi Hafliðasyni, 30. júní í sumar, þar sem hann segist ósemtanlegur að borga þá 3 rdd., sem á hann var jafnað í bæjargjald við niðurstaðu niðurjöfnunn, þar eð hann sje vinnumaður á Gunnsteinsstöðum í Húnavatnssýslu, og hafi ~~í fyrra~~ sýnt yður passa, sem hann hafi fengið hjá sýslumanninum í Húnavatnssýslu til Reykjavíkur í fyrra haust. —

Að því er snertir Runólf Jónsson, þá er oss það kunnugt, að hann hefur verið ~~mjög~~ lengi veikur á þessu ári, og oss virðist full

ástæða til, að gefa ~~niður~~ honum eptir nokkuð
af bæjargjaldi sínu, og varð sú niðurstaðan, að
honum skyldu gefast eptir 2rdd. 20sk. —
Á hinn bóginn virðist oss alls engin ástæða
vera til, að gefa Magnúsi Hafliðasyni eptir
bæjargjald það, sem á hann var jafnað
(að minnsta kosti nema hann komi með óræk skírteini fyrir því, að hann sje vinnumaður)
fyrir þetta árið; því að þann þess, sem
hann umtalar er frá fyrra ári, og sannar
alls eigi neitt um það, hvort hann sje
vinnumaður á Gunnsteinsstöðum
þetta árið; enda hefur einn af oss brjef
í höndum frá bóndanum á Gunn-
steinsstöðum, ~~þ~~ sem eigi verður annað
ráðið af, en ~~en~~ velnefndur bóndi telji ~~alls~~
hann ~~lausamann~~ eigi vinnumann sinn; ~~í Reykjavík~~; og
með því hann dvelur hjer í bænum
að staðaldri, virðist oss í alla staði rjett,
að láta hann taka þátt í bæjargjöldum,
og vilji hann því eigi góðviljuglega
gjalda bæjargjald sitt, verðum vjer að
fela yður á hendur að taka það lögtaki;
~~að minnsta~~
Skjölin fylgja hjer með aptur.
~~MM~~ Friðriksson. J. Guðm. H. Johnsen. J. Þórðarson.

~~Nr.~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur